

Snýr Aron aftur í landsliðið



Spennar að sjá sig í Abbababb!



Íþróttir > 12

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

208. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 16. SEPTEMBER 2022



Grafarvogskirkja vígir nýtt kirkjuorgel á sunnudaginn og er þar um að ræða afrakstur fjársöfnunar sem hófst fyrir rúmum tuttugu árum. Attila Farago og félagar hans frá ungverska orgelframleiðandanum AerisOrgona eru að leggja lokahönd á orgelið, sem er engin smásmíði því í því eru um 3.000 pípur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Forstjóri Landspítalans sér tækifæri í verkaskiptingu ríkisins og einkaaðila

Leggja þarf áherslu á skynsamlega verkaskiptingu milli einkareksturs og ríkisreksturs í heilbrigðisþjónustu, segir forstjóri Landspítalans.

sigurjon@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Ég held að það felist ýmis tækifæri í samstarfi á milli opinberra aðila og einkaaðila,“ segir Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítalans. Hann segir að leggja þurfi áherslu á skynsamlega verkaskiptingu á milli heilsugæslunnar, einkarekinnar sérfræðiþjónustu og Landspítala og annarra sjúkrahúsa.

„Aðalatriðið er að við erum með þessar lykilorðsþjónustueiningar í heilbrigðisþjónustunni sem sameiginlega verða að ráða við þau verkefni

sem við stöndum frammi fyrir. Því skiptir mjög miklu máli að við nýtum öll þau úrræði sem við búum yfir eins vel og mögulegt er,“ segir Runólfur.

Forstjórinn telur ekki að neyðarkall Landspítala hafi verið hunsað í nýju fjárlagafrumvarpi. „Rekstrarvandi spítalans tengist að verulegu leyti ákveðnum viðfangsefnum sem snerta skilgreiningu á hlutverki hans,“ segir hann.

Að sögn Runólfs hefur verið mikil umræða um styrkingu frumþjónustunnar, eins og heilsugæslustöðva. „Þegar horft er til ýmissa verkefna Landspítala sem tíðrætt hefur verið um að eigi heima á lægra þjónustustigi, þá gerum við ráð fyrir því að öflugri frumþjónusta muni koma að góðum notum,“ segir hann.



Það má horfa jákvæðum augum á að ekki er um að ræða beina hagræðingarkröfu.



Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala

„Það sem mér finnst vera lykilaatriði þegar verið er að auka fjárveitingar til stofnana er að það hafi verið skilgreint á hvaða hátt þær fjárveitingar verði nýttar, að það liggi fyrir skilgreind áætlun um þjónustu sem eigi að bætast við og síðan sé því fylgt eftir að tilætlaður árangur hafi náðst.“

Runólfur segist ekki hafa átt von á að í fjárlagafrumvarpinu yrðu viðbrögð við stöðunni sem uppi er á spítalanum. Mönnunarvandi, biðlistar eftir skurðaðgerðum og skortur á úrræðum fyrir aldrada séu stærstu vandamál alls heilbrigðiskerfisins. „Það var búið að boða ákveðnar aðhaldsaðgerðir í ríkisbúskapnum en það má horfa jákvæðum augum á að ekki er um að ræða beina hagræðingarkröfu.“ ■

Salan á Mílu auki hættu á njósnum

VIÐSKIPTI Þingmaður Pírata segir ástæðu til að óttast að erlend njósna-starfsemi gæti orðið fylgifygur sölu Símans á Mílu til fransks félags.



Björn Leví Gunnarsson

„Að sjálfsögðu geta svona viðskipti aukið hættu á njósnum. Möguleikinn er alltaf til staðar og þá þarf að vera hægt að girða fyrir svoleiðis,“ segir Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Samkeppniseftirlitið kveður söluna jákvætt skref fyrir samkeppni. „Viðskiptin með Mílu munu verða til góðs og verða neytendum til hagsbóta,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.

SJÁ SIÐU 4

Frumskýning á morgun!

Sportlegur og alrafmagnaður 
Škoda Enyaq Coupé RS iV.



 Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/skodasalur



Helga Vala Helgadóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

Hugnast ekki fleiri opinber hlutafélög

ragnarjon@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Helgu Völu Helgadóttur, þingflokksformanni Samfylkingarinnar, hugnast ekki hugmyndir Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra um stofnun opinbers hlutafélags utan um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.

„Ég held að við séum alveg búnin að átta okkur á því að þessi opinberu hlutafélög eru algjör bastarður í kerfinu,“ segir Helga Vala um slíkar hugmyndir ráðherrans.

„Þau fyrirtæki sem hafa verið skráð sem ohf. hafa sýnt að umgjörðin er óhagstæð þar sem ríkið ber allar skyldurnar en hefur svo lítið vald til þess að viðhafa inngríp ef í óefni stefnir,“ segir hún. „Það er eitthvað sem fær mann til að hugsa hvort við þurfum raunverulega fleiri opinber hlutafélög.“ ■

RIFF kynnt með pomp og prakt



Fulltrúar RIFF, Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, kynntu veglega hátíðardagskrá á fjölmiðlafundi í gær. Á hátíðinni, sem hefst fimmtudaginn 29. september, verður allt frá Múminálfunum til Inúitahryllingsmynda á skjánum og þess á milli fara fram pallborðsumræður um ýmis málefni liðandi stundar. Um er að ræða níttjanda skiptið sem hátíðin er haldin og heiðursgesturinn í ár er spænska stórleikkonan Rossy de Palma. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Telur trúnað brotinn eftir lokaðan fund

jonthor@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNARMÁL Orð sem féllu á lokuðum fundi varðandi samgöngumál í Kópavogi urðu að umfjöllunarefni í opnum Facebook-hópi. Hjördís Ýr Johnson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, lagði fram fyrirspurn vegna málsins í gær, en það voru hennar ummæli sem voru til umræðu.

„Við vorum að ræða samgöngumál á lokuðum fundi, og það næsta sem ég veit að þá er komin umræða um þetta í lokuðum hópi á Facebook,“ segir Hjördís, sem vill meina að orð sín hafi verið tekin úr samhengi og rangt farið með mál hennar. Hjördís tekur fram að færslunni hafi nú verið eytt, og að hún hafi komið frá einstaklingi sem sat ekki fundinn, og telur hún að einhver hafi því komið umræddum ummælum á framfæri.



Það næsta sem ég veit að þá er komin umræða um þetta í lokuðum hópi á Facebook.



Hjördís Ýr Johnson, bæjarfulltrúi í Kópavogi

„Þetta setur leiðinlegan tón á nýtt kjörtímabil,“ segir Hjördís sem segir mikilvægt að það ríki traust á lokuðum fundum. „Ef það ríkir ekki traust þá mun fólk veigra sér við að tjá sig. Það er miður ef við ætlum að fara þessa leið.“ ■

Skelfilegt að eiga ekki mat handa börnunum sínum

Sjaldan eða aldrei hafa fleiri þurft matargjafir og fjárhagsaðstoð en nú vegna hækkunar vöruverðs, verðbólgu og vaxtahækkunar að sögn sjálfboðaliða. Hún býr á Akureyri en fær beiðni um aðstoð frá öllu landinu.

bth@frettabladid.is

AKUREYRI „Ég var sjálf í þessari stöðu fyrir mörgum árum að eiga ekki fyrir mat. Það sem keyrir mig áfram er að hjálpa fólki, það er skelfilegt að geta ekki sofið út af fjárhagsáhyggjum,“ segir Sigrún Steinarsdóttir sem hefur haldið úti mataraðstoð á Akureyri í átta ár.

Sjaldan eða aldrei hefur ástandið verið verra en nú að hennar sögn. Um 240 njóta mataraðstoðar sem hún og velunnarar standa fyrir. Bæði leggur fólk inn fjárhæðir sem Sigrún millifærir á inneignarkort í Bónus og afhendir fátækum. Eins er mikið um dagleg matarframlög í kistil sem stendur á tilteknum stað á Akureyri. Geta efnalitlir sótt þar í brauð, kjöt og alls konar matvöru sem hjálpsamir skilja eftir.

Sigrún segir minni skömm fyrir efnalitla að þiggja matargjafir með þessum hætti en að standa í biðröð hjá Rauða krossinum eða Mæðrastyrksnefnd og þurfa kannski að auki að skila skattskýrslu.

„Fólk skammast sín fyrir að þurfa að þiggja svona aðstoð þannig að við ákváðum að okkar fyrirkomulag yrði auðveldara fyrir fólk.“

Aðstoðin miðast einkum við að hjálpa barnafjölskyldum. Kippur varð í aðsókn að matnum þegar skólarnir hófu göngu sína síðsumars. Sigrún segist aðeins þekja fjögur dæmi um misnotkun öll átta árin sem hún hafi starfað í sjálfboðavinnu við málefnið. Þvert á móti þurfi fjöldi fólks aðstoð án



Úr kistlinum góða þar sem fólk í neyð getur náð sér í mat. **MYND/ADSEND**



Ástandið er alveg skelfilegt og það á bara eftir að versna.



Sigrún Steinarsdóttir, sjálfboðaliði í mataraðstoð

þess að þiggja hana fremur en að óþrútnir gangi á lagði.

„Ástandið er alveg skelfilegt og það á bara eftir að versna. Húsaleiga hækkar, matvara hefur hækkad

rosalega. Fólk hefur ekki efni á að borða, það á ekki fyrir reikningum. Ég er núna að fá beiðni strax í byrjun mánaðar. Fólk á ekki neitt. Þetta samfélagsástand bitnar verst á þeim sem standa höllum fæti,“ segir Sigrún.

Íslendingar þurfa að viðurkenna að fátækt er mein á Íslandi þótt margir vilji loka augunum gagnvart þeirri staðreynd, að sögn Sigrúnar. „Þeir eru margir sem geta ekki nestað börnin sín eða gefið þeim að borða á kvöldin. Eini maturinn er kannski í hádeginu í skólum en það hafa ekki öll börn efni á skólamötuneyti.“

Beiðni um aðstoð hafa borist Sigrúnu frá Reykjavík, Sauðárkróki, Egilsstöðum og Húsavík svo nokkuð sé nefnt. Vandinn er því ekki ein-skorðaður við höfuðstað Norðurlands.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á síðunni Matargjafir Akureyri og nágrenni á Facebook. ■

Laugardaga kl. 10.00

Lífð er lag
Hagsmunir eldri borgara

HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Einar Bollason er næsti gestur hlaðvarpsins.



Nýr MG ZS EV

Til afhendingar strax!



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 50 kWh Comfort

320 km WLTP drægni**, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð frá: 4.390.000 kr.

FLEX leiguverð: 118.390 kr. á mánuði.***

***Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

mgmotor.is

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/
**Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Vonbrigði í Mosfellsbæ með seinagang vegna urðunar á Álfsnesi

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Þetta varðar ekki bara okkur í Mosfellsbæ heldur okkur öll og spurningin er sú í hvernig landi við viljum búa,“ segir Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar, vegna tafa á því að hætt verði að urða sorp á Álfsnesi.

Yfirmenn hjá Sorpu gengu á fund bæjarráðs Mosfellsbæjar í gær og fóru yfir stöðu mála vegna urðunarstadarins á Álfsnesi. Starfsemi hefur lengi verið íbúum Mosfellsbæjar þyrnir í augum

vegna slæmrar lyktarmengunar sem stafar af lífrænum úrgangi sem þar er enn urðaður þrátt fyrir samkomulag eigenda Sorpu um að finna annan stað.

„Bæjarráð Mosfellsbæjar lýsir miklum vonbrigðum með að ekki hafi tekist að finna viðunandi framtíðarlausn varðandi urðunarstað fyrir höfuðborgarsvæðið, sérstaklega í ljósi þess að bæjarfélagið hefur nú þegar í tvígang fallist á áframhaldandi urðun í góðri trú um að unnið væri að lokun,“ bókaði bæjarráðið.

Bent var á að í viðauka við eig-



Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar
MYND/ADSEND

endasamkomulag Sorpu frá 6. júlí 2020 um lokun urðunarstadarins sé kveðið á um að áætlun um aðgerðir sem tengjast lokuninni skuli liggja fyrir í árslok 2022. Halla Karen segir þetta ekki í sjónmáli og vafasamt að náist að loka á Álfsnesi 2023 eins og ákveðið hafi verið og útlit fyrir að fresta þurfi málinu í þriðja sinn.

„Samkvæmt lögum skal engin urðun á lífrænum úrgangi yfirleitt eiga sér stað frá 2025. Vonandi náum við saman um að finna lausn sem fyrst,“ segir formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar. ■

Skattleysismörk hækkir í fjögur hundruð þúsund

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Þingmenn Flokks fólksins hafa lagt fram tillögu um að launatekjur undir 400.000 krónum verði skattfrjár.

Vilja þeir persónuafslátt sem falli niður við ákveðin efri mörk.



Inga Sæland

Breytingar verði á skiptingu útsvars og tekjuskatts. Fullur örorku-, endurhæfingar- og ellilífeyrir tryggi lífeyrisþegum 400.000 krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði, skatt- og skerðingarlaust. ■

Beiting nauðungar verði ekki lögfest

ragnarjon@frettabladid.is

ALÞINGI Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, segir augljóst að lögfesting beitingu nauðungar sé mál sem barist verði gegn af stjórnarandstöðunni á nýju þingi.

„Heilbrigðisráðherra var í raun rekinn til baka með málið á seinasta þingi þar sem honum láðist að hafa samband við notendur,“ segir Halldóra sem tekur þó fram að stjórnarandstaðan hafi ekki enn séð uppfærðan málarekstur ráðherrans.

„Það verður áhugavert að sjá hvernig það litur út og hvort búið sé að taka tillit til sjónarmiða notenda í málinu.“ ■

Segir söluna á Mílu skapa njósnahættu

Þingmaður Pírata segir fulla ástæðu til að óttast að erlend njósnastarfsemi gæti orðið fylgifyskur sölu Símanis á Mílu til fransks félags. Þegar um ræði viðkvæma samskiptainnviði þurfi að huga betur að öryggi en nú sé gert. Síminn fagnar sölunni.

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI „Að sjálfsögðu geta svona viðskipti aukið hættu á njósnum. Möguleikinn er alltaf til staðar og þá þarf að vera hægt að girða fyrir svoleiðis, það á líka við um innlenda aðila,“ segir Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Samkeppniseftirlitið hefur heimilað sölu Símanis á Mílu til franska sjóðstýringarfyrirtækisins Ardian.


„Þegar um erlenda aðila er að ræða erum við líka að ræða ítök erlendra stjórnvalda sem koma mögulega að rekstri og hagsmunum,“ segir Björn Leví.

Orri Hauksson, forstjóri Símanis, er ánægður með að söluférlinu sé loks lokið. Margir fleiri hafa fagnað þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitið hafi fallist á kaup franska félagsins á Mílu eftir víðræður sem stöðu yfir mánuðum saman.

Samkeppniseftirlitið segir í tilkynningu að breytt eignarhald á Mílu og rof á eignatengslum við Símann sé jákvætt skref fyrir samkeppni á fjarskiptamörkuðum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, er í hópi þeirra sem telja viðskiptin til hagsbóta fyrir neytendur. Hún minnir einnig á að hún hafi gert athugasemdir á sínum tíma um mikilvægi þjóðaröryggis.

„Mér fannst ríkisstjórnin ekki hafa staðið vaktina í þeim efnum en



Síminn lýsir ánægju með að söluférlu Mílu sé loks lokið. Skiptar skoðanir eru þó um hvort salan snertir mikilvæg innviða- og öryggismál fyrir íslensku þjóðina, á sama tíma og viðskiptin gætu orðið neytendum til hagsbóta.
MYND/ADSEND



Að sjálfsögðu geta svona viðskipti aukið hættu á njósnum. Möguleikinn er alltaf til staðar.



Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

ég geri ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi farið yfir alla þætti þessa fákeppnismarkaðar. En viðskiptin með Mílu munu verða til góðs og verða neytendum til hagsbóta,“ segir Þorgerður Katrín.

Björn Leví bendir á nýlegt tilvik þegar Bandaríkin fengu leyfi hjá öðru ríki til að stinga inn netþjóni til að njósna um Rússa. Full ástæða sé til að vera vakandi, enda margt enn á huldu um netnjósnir.

„Ef það er í lagi með reglur og eftirlit er ekkert að óttast. En það er of lítið vitað um stafrænar njósnir sem jafnvel eru dregnar áfram af þjóðríkjum. Við vitum allt of lítið um stærð þessa hernaðar.“

Hér á landi er sá vandi að sögn þingmannsins að íslenskar eftirlitsstofnanir standa sig ekki sem skyldi.

„Almennt séð er eftirlitsaðurinn þannig á Íslandi að það eru settar reglur, en ekkert farið eftir þeim. Ef eitthvað kemst upp er ekkert gert nema kannski setja þá meiri reglur. Ég sé þetta meira og minna í öllum eftirlitsstofnunum hér á landi, það er mikill skortur á ábyrgð.“

Eftir því sem næst verður komist er það á könnu Fjarskiptastofnunar og netlöggluðildar lögreglu að sinna eftirlitinu. ■

ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ
FÖSTUDAGA KL. 21.00

Nauðsynlegt að víkja séra Gunnari

gar@frettabladid.is

ÞJÓÐKIRKJAN Varaformaður Prestafélags Íslands, séra Eva Björk Valdimarsdóttir, segir ákvörðun biskups um að víkja séra Gunnari Sigurjónssyni úr starfi sem sóknarpresti í Digraneskirkju vera nauðsynlega. Þetta kom fram á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi.

Nefnd á vegum kirkjunnar telur séra Gunnar hafa gert sig sekan um kynferðislega áreitni gagnvart konum sem síðan kvörtuðu undan framkomu hans. Félag prestvígðra kvenna hélt fund um málið í Langholtskirkju í gærkvöld. Var honum ekki lokið áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Orð sem formaður Prestafélagsins, séra Arnaldur Bárðarson, lét falla á Útvarpi Sögu fyrir viku um að séra Gunnar væri einnig þolandi



Séra Eva Björk Valdimarsdóttir, varaformaður Prestafélags Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í ádurnefndu máli, vöktu óánægju innan prestastéttarinnar eins og komið hefur fram. Hefur Arnaldur bedist afsökunar vegna þessa og sagt miður að hann hafi sært fólk.

„Hann hélt að málið væri öðruvísi en hefur komið í ljós núna, eftir að við sáum tilkynningu biskups,“

segir séra Eva Björk sem aðspurð kveður það ekki sitt að dæma hvort afsökunarbeiðni Arnaldar væri nóg. „Ef ég er að fara að gefa út yfirlýsingu um það er ég að taka valdið af konunum sem afsökunarbeiðnin beinist að,“ sagði hún á Fréttavaktinni í gærkvöldi. ■

Uppskerudagar á íslensku grænmeti



Heilsa og lífsstíll

Yfir 1.000 vörur á tilboði

HAGKAUP

Tilboð gilda út 18. september



20%
afsláttur

Dave & Jon's dödlur,
án viðbættis sykurs og aukefna.



25%
afsláttur

25% afsláttur af öllum
Your Super fæðubótarefnum.



25%
afsláttur

25% afsláttur af öllum
Númer eitt vítamínum



25%
afsláttur

VFC (Vegan Fried Chick'n) aðeins
5 mínútur í Airfryer



20%
afsláttur

Nick's ís bragðgóður og sykurlaus



innocent Super Smoothies eru
eingöngu gerðir úr ferskum
ávöxtum og grænmeti



Biden og Walsh á blaðamannafundi í Hvíta húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Biden kom í veg fyrir verkfall

thp@frettabladid.is

BANDARÍKIN Joe Biden Bandaríkjaforseti greindi frá því í gær að með aðkomu stjórnar hans hefði náðst samkomulag í vinnudeilu starfsmanna lestarfyrirtækja.

Verkfall, sem átti að hefjast í dag, hefði haft gríðarleg áhrif á vöruflytninga og hugsanlega reynt

Biden erfitt fyrir þingkosningar í nóvember.

„Samkomulagið er staðfesting á því sem ég hef alltaf trúað, verkalyðsfélög og atvinnurekendur geta unnið saman öllum til hagsbóta,“ sagði Biden í Rósagarði Hvíta hússins í gær er hann tilkynnti um samkomulagið ásamt vinnuáráðherra Marty Walsh. ■



Mótmæli hafa skekið Haítí með reglulegu millibili á síðustu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mótmæla herra bensínverði á Haítí

thorgrimur@frettabladid.is

HAÍTÍ Fjöldamótmæli brutust út á Haítí í gær eftir að ríkisstjórnin tilkynnti að verð á bensíni yrði rúmlega tvöfaldað. Ríkisstjórn Haítí tilkynnti þessa verðhækkun á miðvikudaginn, auk þess sem litlu minni hækkun yrði á dísil og kerósíni.

Mótmælendur reistu götuvatni vís vegar um haitísku höfuðborgina Port-au-Prince og í öðrum borgum landsins og lokuðu götum með grjóthnullungum, bílum og brennandi hjólbörðum. Meðal annars réðust mótmælendur inn á heimili stjórnáráðgjafans Me André Michel, eins af bandamönnum forsætisráðherrans Ariels Henry, og létu þar greipa sópa.

Haítíski fréttamiðillinn Le Nouvelliste greindi jafnframt frá því að mótmælendur hafi reynt að brjóta

sér leið inn á Oasis-hótelid í Port-au-Prince og hafi ruðst inn í útibú Capital-bankans í Pétionville, farið þar um ránshendi og reynt að kveikja í.

Ríkisstjórnin hefur útskýrt verðhækkunirnar með því móti að ekki sé lengur unnt að niðurgreiða eldsneyti með þeim hætti sem áður hefur verið gert. Haítí er eitt fátækasta ríki í Ameríku og hefur glímt við verulegan pólitískan óstöðugleika, síaukið gengjaöfubeldi og tíð mótmæli í meira en áratug.

Mótmælendur krefjast nú afsagnar Ariels Henry, sem tók til bráðabirgða við embættum bæði forseta og forsætisráðherra eftir morðið á Jovenel Moïse forseta í fyrra. Ekki er ljóst hvenær Henry hyggst láta af völdum og ásakanir um að hann tengist sjálfur morðinu á Moïse hafa vakið efasemdir um lögmæti stjórnar hans. ■

Fjöldi nýrra íbúða í Reykjavík á pari við þann fjölda sem byggður var í fyrra

ragnarjon@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Nú eru 2.536 íbúðir í byggingu í Reykjavíkurborg.

Þetta kemur fram í nýrri samantekt um uppbyggingu húsnæðis í borginni fyrir hluta ársins. Þetta þýðir að um litlilega fjölgun er að ræða frá síðustu ársfjórðungssamantekt.

Þá var lokið við 532 byggingar

á fyrstu sex mánuðum þessa árs, en rúmur helmingur þeirra var á vegum húsnæðisfélaga eða merktar sem hagkvæmt húsnæði.

Gert er ráð fyrir því samkvæmt upplýsingum framkvæmdaáðila að lokið verði við 750 íbúðir á seinni hluta ársins.

Heildarfjöldi nýrra íbúða sem lokið yrði að byggja á árinu yrði því 1.282. ■



Ursula Von Der Layen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, heimsótti Zelenskí forseta í Kænugarði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rússar svara gagnsókn Úkraínu með árás á innviði

Eftir gagnsókn Úkraínuhers, þar sem Rússar voru gerðir afturreka frá hernumdum svæðum, hafa þeir svarað fyrir sig með árásum á innviði Úkraínu. Svo virðist sem víglínan sé orðin nokkuð stöðug.

thp@frettabladid.is


ÚKRAÍNA Rússneski herinn hefur hörfað hratt undan gagnsókn Úkraínnumanna sem hófst í ágústlok. Þeir hafa brugðist við með árásum á innviði, orkuver, stíflur, brýr og leiðslukerfi í Úkraínu, einkum með stýrflaugum sem skotið er frá Rússlandi. Þrátt fyrir að hratt hafi gengið á stýrflaugabirgðir frá innrás þeirra í Úkraínu 24. febrúar geta þeir enn skotið á öðrum tug þeirra á degi hverjum.

Samkvæmt Wall Street Journal hafa Úkraínnumenn endurheimt landsvæði úr höndum Rússa sem er um 8.500 ferkílómetrar að flatarmáli á Karkív-svæðinu. Þar á meðal eru borgirnar Balaklifa, Ísíum og Kupijansk. Svo virðist sem víglínan sé nokkuð stöðug nú við Oskíl-á þar sem rússneskir hermenn hafast við á austurbakka hennar. Í suðurlhuta Úkraínu hefur gagnsókn Úkraínnumanna ekki gengið jafn vel og hefur víglínan þar lítið hreyfst.

Úkraínnumenn keppast nú við að lagfæra skemmdir á innviðum og segja stjórnvöld að tekist hafi að koma í veg fyrir stórtjón vegna flóða eftir rússneskar stýrflaugaárásir á stíflu í borginni Krívij Ríjg á mánudaginn. Þar búa um sjö hundruð þúsund manns og er það fæðingborg Volodímírs Selenskíj Úkraínuforseta. Hann heimsótti borgina Ísíum á miðvikudaginn eftir að hún var frelsuð undan stjórn Rússa.

„Úkraínu hefur enn á ný tekist að gera það sem margir töldu ómögulegt,“ sagði hann vígreifer í Ísíum og að Úkraínuher hefði frelsað mörg hundruð bæi og þorp síðan

Innrás í Úkraínu – dagur 204



- 1 Karkív-svæðið:** Gagnsókn Úkraínu heldur áfram og ógnar nú rússnesku stórskotaliði og loftvörnum.
- 2 Krívij Ríjg:** Eftir átta rússneskar stýrflaugaárásir á uppistöðulón í nágrenni borgarinnar flæddi yfir á annað hundruð hús og fólk hefur flutt frá svæðinu.
- 3 Kerson-hérað:** Úkraínar árásir á norður- og vesturlhuta svæðisins, sem og norðvestur af Kerson-borg.
- 4 Rússland:** Myndskeið frá fangelsi í nágrenni Moskvu sýnir auðjöfurinn Jevgenij Prigozhin, bakhjarl málaáðafyrirtækisins Wagner Group, bjóða fongum að ganga í rússneska herinn.

Heimildir: Stríðsrannsóknarstofnunin, Reuters

© GRAPHIC NEWS

gagnsóknin hófst. Enn fremur sagði hann að árásir Rússa á innviði hefðu enga hernaðarlega þýðingu. „Að ráðast gegn hundruðum þúsunda saklausra borgara, það er enn önnur ástæða þess að Rússar muni lúta í lægra haldi.“

Á miðvikudag var ekið á bifreið forsetans í Kænugarði en hann slapp ómeiddur. Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sótti borgina heim í gær og fundaði með forsetanum. Meðal þess sem bar á góma var aukið efnahagslegt samstarf sambandsins og Úkraínu auk þess sem fyrirhuguð innganga landsins í ESB var rædd. Mörg ár eru þó í að slíkt gæti orðið að veruleika.

Evrópusambandið og Bandaríkin þrýsta nú mjög á NATO-ríkið Tyrkland að hindra að Rússar nýti tyrkneska banka til að komast hjá viðskiptaþvingunum. Til stendur að herða á núverandi þvingunum, einkum er varða fjármálakerfi, í stað þess að leggja á nýjar.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti fundaði með Xi Jinping, leiðtoga Kína, í Úsbekistan í gær þar sem fram fer fundur Samvinnustofnunar Sjanghai. Vel fór á með þeim þar sem þeir ræddu aukið samstarf ríkjanna, innrásina í Úkraínu og málefni Taívan. Þeir hittust síðast skömmu fyrir innrás Rússa en Xi hefur ekki farið út fyrir landsteinana síðan Covid-faraldurinn hófst. ■

Vilja fá yfirlit vegna verklegra framkvæmda á Snorrabraut

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram fyrirspurn í innkaupa- og framkvæmdaráði borgarinnar í vikunni um gatnaframkvæmdir á Snorrabraut síðustu tíu ár.

Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti vegna verklegra framkvæmda á vegum borgarinnar. Þar verði gerð grein fyrir öllum framkvæmdum á



umræddu tímabili, tilgangi þeirra, verktíma, kostnaði og hvort viðkomandi verk hafi verið boðið út. Snorrabrautin hefur íðulega

verið lokið undanfarin ár, ýmist til að þrengja, setja umferðarljós eða vegna annara framkvæmda, nú síðast við Borgartúnsgatnamótin. ■

Snorrabraut hefur oft verið erfið viðureignar undanfarin áratug.

Blásum vindi í seglin



Ársfundur atvinnulífsins

Fyrirtækin okkar í aðdraganda
kjaraviðræðna

29. september í Borgarleikhúsinu

Ársfundur atvinnulífsins fer fram 29. september nk. í Borgarleikhúsinu kl. 15:00. Fundurinn er snarpar 60 mínútur þar sem við stillum saman strengi í aðdraganda kjaraviðræðna.

Á meðal framsögumanna eru Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins og Ole Erik Almlid, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í Noregi (NHO) sem gefur okkur innsýn í kjarasamningslíkan Norðmanna.

Að fundi loknum gerum við okkur glaðan dag með veitingum og ljúfum tónum.

Fundurinn er opinn öllum og skráning í mætingu eða streymi fer fram á:

sa.is/arsfundur



sa.is

Við hlökkum til að sjá þig.

Blússandi



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Það gengur svo blússandi vel hjá okkur," sagði ráðherrann í sjónvarpinu um leið og hann skellti 90 milljarða hallarekstri fjárlagafrumvarpsins á eldhúsbordið. Nýbúinn að fá auka 100 milljarða, sem enginn sá fyrir, inn á tékkheftið.

„Vá, þetta er eins og að fá fimm rétta og bónustölu í lottóinu," hugsaði ég um leið og ég skolaði spánnýjum 15 milljarða vaxtakostnaðinum niður með glasi af veggjöldum. Sáttur og þakklátur.

Við erum á siglingu. Blússandi siglingu. Rík af auðlindum og taprekstri. Ónæm fyrir auknum tekjum. Lóðrandi í lífsins lukku.

Hvað um það þótt báknið blási út? Hvað um það þótt fjárfestingum sé slegið á frest? Hvað um það þótt sveitarfélög tapi milljörðum? Hér eru allir í blússandi gir og sólin skín. Ráðherrann sagði það.

Ekki láta ykkur detta í hug að hlusta á úrtöluraddir þeirra sem muldra ofan í háls málið á sér að þjóð með slíkan happdrættisvinning upp á arminn eigi að geta rekið sig réttum megin við núllið. Þið vitið betur.

Ekki gera ykkur þann óleik að hlusta á sibyljurausið um að leiðin út úr efnahagsástandinu sé að draga úr umsvifum hins opinbera.

Þetta er bara eitthvert tuð í fólki sem lifir í hálf tömu glasi. Þau finna ekki meðbyrinn sem við finnum. Sjá ekki dýrðina.

Þau munu aldrei skilja að hér drjúpa opinberir starfshópar af hverju strái. Að við lifum í landi allsnægta og aukinna skulda.

Enda mega þessir tuðandi pésar líka bara eiga sig. Við hin erum fyrst og fremst þakklát. Og sammála ráðherra sem er svo sannfærandi að hann getur jöfnum höndum selt okkur hamingjuna og hulið hallarekstur í opinberum sykurmassa.

Ég veit ekki með ykkur en ég treysti því að hér verði allt aftur stórkostlegt ef við bara borgum aðeins meira fyrir bjórdósina. Mér finnst trúverðugt að allt verði eins og best verður á kosið ef við bara tökum aftur upp gjaldskyldu í gegnum Hvalfjarðargöngin. Rétt eins og ég veit að sólin mun hækka á lofti ef við bara ráðum aðeins fleiri flokksgæðinga inn í ráðuneytin og stækkum yfirbygginguna.

Þess vegna stend ég upp, klappa og segi takk.

Takk fyrir allt sem er blússandi. ■

”Ég treysti því að hér verði allt aftur stórkostlegt ef við bara borgum aðeins meira fyrir bjórdósina.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Stóru spurningarnar

Alþingismenn eru nú mættir á sinn stað við Austurvöll og byrjaðir að rökræða hver þeirra sé langvitlausastur og augljóst að langt er í að botn fáið í það mál. Sumir taka þó aðeins óbeint þátt í þeim vangaveltum og láta nægja að útlista hversu vel lukkaðir þeir eru sjálfir. Þar ber auðvitað hæst stjórnarliða sem bera ábyrgð á gangi mála. Það ágæta fólk þarf að draga upp þá mynd að vera bæði ráðagott og óskeikult á meðan stjórnarandstæðingar halda því linnulaust fram að verr áttadan mannskap sé vart að finna á byggðu bóli.

Vanagangur og vlgaslóð

Á meðan þingmenn skeggræða sín hjartans mál á þingi heldur lífið áfram sinn vanagang á heimilum landsmanna með tilheyrandi reikningasúpu sem sífellt bætist í eins og fyrir töfra enda stígur verðbólgan villtan og gamalkunnan dans. Þetta má mest þakka þjóð í fjarlægum landi sem orðin er svo óalandi og óferjandi að hinn siðmenntaði hluti heimsins hefur sett hana í skammarkrókinn í von um að ráðamenn þar sjái að sér og hægt sé að taka upp eðlilegt viðskiptalíf að nýju. En jafnvel þótt hin vondu öfl bakki inn í sína eigin skel er hægt að reikna með að þau eigi ekki upp á pallborðið í fyrir-sjäänlegri framtíð. ■

Ég á það og ég má það



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Fyrirsögnin gæti verið einkunnarorð ríkisstjórnarflokkanna. Síðustu afrek þeirra á þessu sviði eru dæmalaugar embættaveitingar og fjölgun ráðuneyta að því er virðist til þess eins að koma sínu fólki að sem víðast. Tilgangurinn með úþpenslu ríkisbáksins helgar meðalíð að koma flokksfólki í góðar stöður. Lítið fer fyrir slagorði Sjálfstæðisflokksins um „báknið burt“ og yfirgengileg fjölgun ráðuneyta gerist að hans frumkvæði.

Einn þeirra sem nú gegnir hárra stöðu í anda einkunnarorða ríkisstjórnarinnar, „ég á það, ég má það“, innmúraður og innvígður flokksmaður, skrifaði sögulega skáldsögu á síðasta ári þar sem er m.a. greint frá hremmingum vel menntaðs Íslendinga sem eftir nám erlendis sækist eftir störfum heima en er hafnað.

Tilvitnunin hér á eftir er beint orðaval hins innmúraða og innvígða flokksmanns sem, síðan hann skrifaði söguna, hefur landað góðri stöðu fyrir sjálfan sig, stöðu sem ekki var auglýst.

„Í fyrsta sinn fann ég fyrir því sjálfur að málefnaleg sjónarmið ráða ekki alltaf för þegar skipað er í embætti því ég vissi að þekking mín og hæfni var miklu meiri en þeirra sem hlutu þær stöður sem ég stótt eftir.“


Ög síðar:

„Sjálfur brenndi hann sig á klikuskapnum [...] Annar umsækjandi með lægri starfsaldur en handgengnari þeirri elitu sem þá réð ríkjum var ráðinn.“ Þessar tilvitnanir eru á bls. 100 og 151 í bókinni Læknirinn í englaverksmiðjunni, sem kom út hjá Veröld 2021.

Með nýjustu embættaveitingum núverandi ríkisstjórnar hefur fjölda einstaklinga verið hafnað fyrir fram og þeim gert ókleift að sýna fram á hæfni sína vegna þess að störfin voru ýmist búin til eða tekin frá fyrir flokksmenn. Í sögulegu skáldsögunni sem gerist fyrir um 140 árum síðan þykir þetta hneykslunarefni en svo virðist sem þegar maður sjálfur á í hlut, líkt og höfundur skáldsögunnar, þá sé þetta greinilega allt saman í góðu lagi því flokkurinn „á það og má það“. – Ef eitthvað þá hefur samfélaginu farið aftur því fyrir 140 árum voru embættin auglýst þó „elítan“ réði síðan þá innmúraðu. Nú er ekki einu sinni auglýst. ■

”Með nýjustu embættaveitingum núverandi ríkisstjórnar hefur fjölda einstaklinga verið hafnað fyrir fram.

Fréttablaðið í Bónus



Til minnis

Í dag



Karl Th.
Birgisson

Andleysi? Dugleysi? Dáðleysi?

Hvaða orð viljið þið nota um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur?

Sleppum því enda er dónaskapur að tala illa um minni máttar.

En altjént er ljóst að Bjarni Benediktsson hyggst ekki sækja peninga þangað sem þeir eru, í stórutgerðarauðinn, bankana eða ríkustu prósentin sem hafa tekjur sínar af eignun en ekki vinnu, og borga ekki einu sinni útsvar til að greiða fyrir skólana sem börnin þeirra ganga í.

Þar er samt nóg til og riflega það, eins og Alþýðusambandið hefur réttilega sagt.

Hvers vegna? Er það andleysi eða dáðleysi?

Skíturinn

Þau ykkar sem nennið ennþá að verða hissa eða jafnvel hneykslast á því hvernig Vinstri græn láta hægrið ganga yfir sig á ydduðum hælunum – þið ættuð að minnst orða fráfarandi forseta ASÍ:

„[Stjórnarsamstarfið] verður eins og að éta skít í heilt kjörtímabil.“

Ekki er orðalagið fallegt, en Drífa Snædal er ættuð af Jökuldal og má þetta.

Jökuldælingar hafa líka allajafna rétt fyrir sér.

Látið ykkur ekki heldur koma í hug að Framsóknarflokkurinn hafi hálf skoðun á ríkisfjármálum. Hann er eins og eggaldin – bragðlaus og næringarlítill, en dregur í sig keim og krydd sem fljóta fram hjá.

Svo er náttúrlega fjármálaráðherrann.

Falson og Panama

Það eru vitaskuld fornaldarbók-

menntir – enda 5-6 ára gamlar fréttir – að fjármálaráðherrann birtist í Panama-skjólunum með aflandseyfjafélagið sitt, Falson.

Ári fyrir hafði hann verið spurður í Kastljósi hvort hann hefði nokkuð átt í skattaskjólshögum.

Svar: „Nei, það hef ég ekki gert.“

Það var ósatt.

Hér gefst ekki tóm til að rekja öll ósannindi Bjarna Benediktssonar um Falson og snúum okkur því að öðru.

Þegar hann hafði lokið við að græja Vafningsmálið sem snerist um að skera nána ættingja úr skuldasnöru – og þar sem hann sagðist hafa verið saklaus vegfarandi með umboð til að veðsetja eignir í útlöndum án þess að skilja eða vita neitt, þótt eitt umboðið hafi að visu verið frá honum sjálfum, en hvernig átti hann að vita það? – og eftir privatfund með bankastjóra Glitnis afréð hann að selja hlut sinn í bankanum.

Bjarni Benediktsson ákvað að nota þá tugi milljóna til að leggjast í veðmál.

Ís fyrir alla – pabbi borgar

Okkar yndislegi fjármálaráðherra ákvað semsagt að gera afleiðusamninga við Glitni og veðja á að hlutabréf í alls kyns alþjóðabönkum hækkuðu eða lækkuðu í verði áður en kæmi að skuldadögum fyrir hann sjálfan.

Hann tapaði alltaf, en hélt áfram að veðja eins og fikill í spilakassa hjá Rauða krossinum.

Á endanum var tapið hátt í fjörutíu milljónir, en eins og sagði í tölvubréfi innan húss hjá Glitni þegar spurt var um greiðslu eftir þetta fjárhættuspil:

„Pabbi hans, Benedikt Sveinsson, verður greiðandi.“

Fallegt af þabba, en hann var líka greiðvikiinn þegar hann leyfði syni sínum að gista á Flórída í ótöldum golfferðum.

Til dæmis í húsi í eigu Greenlight Holding, með lögheimili á Tortólu.

Um ekkert þessara – og dæmin eru ótal fleiri – er ljóst hvernig fjármálaráðherra gerði grein fyrir

gjafagjörningum föður síns gagnvart skattýfirvöldum.

Hvað þá ókeypis gistingu í boði leynifélags á Tortólu.

Bjarni ákvað samt að halda áfram að skrökva um Falson og á endanum í tilkynningu til Alþingis.

Truflað

En verum sanngjörn.

Á sínum þingmannalaunum var Bjarni Benediktsson bara að reyna að drýgja tekjur sínar. Það er ekkert einfalt að vera fátækur alþingismaður.

Á ferðalagi á kostnað þingsins hnaut Bjarni um íbúð á Flórída með „truflað útsýni“ á „algerlega brjáluðum stað“. Auðvitað keyptu þeir félagarnir þessa íbúð.

Og hinn 6. október 2008, þegar Geir Haarde bað guð að blessa Ísland, þá kláraði Bjarni að borga iðnaðarmönnum á Flórída fyrir truflaða íbúð.

Tveimur dögum síðar – þegar Kaupþing fór á hausinn og þar með fjármálakerfið allt – fengu hönnuðir greitt fyrir ótruflað útsýni.

Vel gert og hárréttur fókus á þessum annars tíðindalítlu dögum.

Skötuselurinn

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn var óvænt lentur utan ríkisstjórnar var Bjarni í viðtali.

Jón Bjarnason hafði sem sjávarútvegsráðherra ákveðið að gefa frjalsar veiðar á skötusel, gegn kveinstöfum LÍÚ.

Útgerðin er á „háa c-inu“ út af þessu, hafði Bjarni sagt og var nú spurður:

„Ef vinstri stjórnin félli í dag og þú yrðir forsætisráðherra, hvað yrði þitt fyrsta verk?“

„Að draga til baka skötuselsfrumvarpið.“

Á meðan langflestir landsmenn voru að krafsa sig upp úr hruni með blóðugum klónum var hugur Bjarna Benediktssonar hjá stórutgerðinni. Út af skötusel.

Andleysi? Dáðleysi?

Við skulum ekki nota svo dónaleg orð, en óska Vinstri grænum til hamingju með fjármálaráðherrann sinn. ■

Tryggjum að hjálpin sé til staðar þegar við þurfum á henni að halda



Liv Anna Gunnell
fagstjóri sálfræðipjónustu
Þróunarmiðstöðvar íslenskrar
heilsugæslu

Mikilvæg umræða hefur átt sér stað undanfarið um tíðni sjálfsvíga á Íslandi og um allan heim í tengslum við alþjóðadag sjálfsvígsforvarna.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru sjálfsvíg á meðal þriggja helstu dánarsaka fólks á aldrinum 15-35 ára. Á Íslandi deyr að jafnaði einn á níu daga fresti í sjálfsvígi. Ef við lítum á sjálfsvíg í stærra samhengi vitum við að fleiri gera sjálfsvígstíraunir og enn fleiri upplifa sjálfsvígshugsanir. Hvert sjálfsvíg hefur áhrif á marga aðra einstaklinga. Það er nauðsynlegt að tryggja að videigandi stuðningur sé til staðar fyrir þá sem þurfa, bæði þá sem glíma við sjálfsvígshugsanir og aðstandendur þeirra, sem og eftirlifendur þeirra sem deyja í sjálfsvígi.

Geðrænn vandi, eins og þunglyndi, er einn af helstu áhættuþáttunum fyrir sjálfsvíg, og undirliggjandi getur verið annar vandi til staðar s.s. líkamlegur vandi eða kvíðaraskanir. Rannsóknir benda til

þess að þeir sem glíma við algengan geðrænan vanda leiti sér oft ekki aðstoðar og þegar þeir leiti til heilbrigðisþjónustu sé vandinn oft vangreindur. Það þýðir að margir þeirra sem glíma við geðrænan vanda fá aldrei videigandi þjónustu við sínum vanda. Án videigandi meðferðar geta einkennin versnað með tilheyrandi áhrifum á lífsgæði okkar og líðan.

Mikilvægt er að þekking sé til staðar í heilbrigðiskerfinu til þess að skima fyrir sjálfsvígshugsunum en í aðgerðaáætlun um fækkun sjálfsvíga á Íslandi er mælt með samræmdum verkferlum og reglubundinni fræðslu um mat á sjálfsvígshættu fyrir allt fagfólk innan heilbrigðiskerfisins.

Í aðgerðaáætluninni er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að efla 1. og 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með því að fjölga sálfræðingum á heilsugæslustöðvum í samhengi við þjónustupörf og tryggja aðgengi barna með alvarlegri vanda að geðheilsuteymi barna. Á sama skapi kemur fram í skýrslum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni að bæta þurfi aðgengi að gagnreyndri meðferð við geðrænum vanda á heilsugæslustigi. Það er meðal annars vegna þess að heilsugæslustöðvar eru staðsettar í nærumhverfi okkar og við erum von að leita þangað þegar við kennum okkur meins.

Á heilsugæslustöðvum á að vera til staðar geðheilbrigðisþjónusta sem felur í sér mat, meðferðaráætlun og meðferð við vægum til miðlungs vanda með áherslu á þunglyndi, kvíðaraskanir og áfallastreituröskun. Með aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum frá 2016 var stigið mikilvægt skref í rétta átt og nú eru starfandi sálfræðingar barna og fullorðinna á mörgum heilsugæslustöðvum. Þróunarmiðstöð ískenskrar heilsugæslu gaf út gæðahandbók síðustu áramót fyrir sálfræðipjónustu fullorðinna í heilsugæslu en hana er að finna á vef Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Þar kemur fram að í upphafi þjónustu skuli greina vandann vel og skima skuli fyrir sjálfsvígshættu.

En betur má ef duga skal þar sem víða eru langir biðlistar og biðtími of langur. Brýnt er að styrkja sálfræðipjónustuna á fyrsta stigi, bæði fyrir fullorðna og börn, með því að tryggja mönnun í samræmi við þjónustupörf. Þannig er hægt að grípa vandann strax með videigandi meðferð og fyrirbyggja versnandi líðan. Það er mikilvægt að skima fyrir sjálfsvígshættu en það er líka mikilvægt að úrræðin séu til staðar þegar við þurfum á hjálp að halda, þegar okkur líður sem verst. ■



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNADU KÓDANN

Öflugur fasteignaleitarvefur

með einföldu og notendavænu

viðmóti sem býður upp á ítarlegar

upplýsingar um fasteignir,

þróun verðlags og fróðleik um

fasteignamarkaðinn.

frettabladid.is

Öryggi lyfjameðferðar – ábyrgð okkar allra



Alma Möller
landlæknir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákveðið að 17. september verði alþjóðadagur öryggis sjúklunga. Með því vill stofnunin vekja athygli á umfangi þess mikla verkefnis sem öryggi sjúklunga er ásamt því að hvetja til opinna og yfirvegaðrar umræðu. Mikilvægt er að nota daginn til hvatningar um að gera betur.

Öryggi sjúklunga

Með öryggi sjúklunga er átt við að sjúklingar hljóti ekki skaða af þeirri þjónustu og meðferð sem ætlað er að bæta heilsu þeirra og lífsgæði. Það er ekki eins auðvelt og ætla mátti því heilbrigðisþjónusta er flókin og hefur flækjustig vaxið hraðar en geta mannsins til að aðlagast þeim breytingum sem fylgja. Talið er að allt að 10% sjúklunga á sjúkrahúsum verði fyrir einhvers konar atviki en með atviki er átt við að eitthvað megi betur fara við greiningu, meðferð eða umönnun sjúklings, hvort sem það veldur honum miska eður ei. Alvarleg atvik eru sem betur fer litill hluti atvika en þó voru 65 alvarleg atvik tilkynnt til Embættis landlæknis á liðnu ári.

Rannsóknir sýna að orsakir atvika eru í flestum tilfellum ágallar í skipulagis en ekki sök þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem vinna verkin. Dæmi eru ófullnægjandi mönnum miðað við umfang og eðli verkefna, t.d. of fáir á vakt eða reynslulítið fólk í framlínu, samskipta- og skráningarvandamál þannig að mikilvægur upplýsingar komast ekki til skila, atriði tengd skjölstæðingum eins og t.d. tungumálaörðugleikar, ófullnægjandi tækjabúnaður og skortur á nauðsynlegum leiðbeiningum, svo dæmi séu tekin.

Lyfjameðferð án skaða

Í ár er sjónum beint sérstaklega að



öryggi við lyfjameðferð og átaksverkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar Lyfjameðferð án skaða (Medication without Harm). Tilgangur þess er að bæta öryggi við lyfjameðferð og er markmið fyrsta áfanga þess að fækka atvikum sem hægt er að fyrirbyggja, um helming. Þrír megin þættir þessa öryggisverkefnis eru, í fyrsta lagi aukin aðgát við yfirfærslu lyfjameðferðar þegar sjúklingur flyst frá einum stað til annars, t.d. milli deilda, stofnana eða þjónustustiga. Í öðru lagi er áhersla á svokölluð há-áhættulyf en þau geta valdið sjúklingi alvarlegum miska ef notuð á rangan hátt. Þar er um að ræða sýklalyf, sölt eins og kalíum, insúlín, sterk verkjalyf eins og ópíóíða, slævandi lyf, krabbameinslyf og segavarnalyf. Þriðji þátturinn er svo fjöllyfjameðferð en sýna ber sérstakra aðgát ef sjúklingur þarf að taka mörg lyf samtímis, t.d. vegna margvíslegs samspils lyfjanna.



Það hefur sýnt sig að mikilvægt er að virkja sjúklunga þegar öryggi í heilbrigðisþjónustu er annars vegar. Sjúklingar og allir sem taka inn lyf þurfa að vera á varðbergi og umgangast lyf af virðingu.

Lyfjatengd atvik eru því miður algeng og meðal algengustu atvika í heilbrigðisþjónustu á heimsvísu. Skýringar á því eru annars vegar viðtæk notkun lyfja og hins vegar sú að ferli lyfjameðferðar er afar flókið og felur í sér margvíslegar áhættur ef ekki er rétt staðið að varðveislu, ávísun, blöndun, skráningu, gjöf eða eftirliti, svo dæmi séu nefnd. Afleiðingar lyfjatengdra atvika geta verið skaðlegar og jafnvel banvænar. Hérlandis voru 11.474 atvik í heilbrigðisþjónustu skráð á landinu öllu árið 2021. Algengustu skráðu atvikin voru byltur, en lyfjatengd atvik næstalgengust, 1.573 talsins eða um 14%. Reyndar er líklegt að meðferð með svefnlyfjum og slævandi lyfjum eigi þátt í byltum, einkum hjá öldruðum eins og rætt verður á málþingi Landspítala á Degi byltuvarna þann 22. september nk. Almenn er talið að atvik í heilbrigðisþjónustu séu vanskráð.

Ábyrgð allra

Það er til mikils að vinna að auka öryggi lyfjameðferðar því talið er að hægt sé að fyrirbyggja meiri hluta lyfjatengdra atvika. Verkefnið Lyfjameðferð án skaða er unnið hérlandis af fjölda aðila og stofnana en að frumkvæði Landspítala og er það hér með þakkað. Fjölmörg verkefni eru í gangi t.d. á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, innan heilsugæslunnar og hjá Embætti landlæknis. Meðal annars er unnið að því að styrkja og vanda verkferla við umsýslu lyfja, að efla aðkomu klínískra lyfjafræðinga ásamt því að gera rafrænar upplýsingar betri. Heilbrigðisstarfsfólk er hér með hvatt til að kynna sér átaksverkefnið og taka þátt í að efla öryggi lyfjameðferðar, sjá landspítali.is/lyfanskada. Málþing á vegum Landspítala verður haldið þann 27. október og er áhersla á þverfaglegt samstarf við að ná fram markmiðunum þremur, þ.e. varðandi yfirfærslu lyfjameðferðar, há-áhættulyf og fjöllyfjameðferð.

Það hefur sýnt sig að mikilvægt er að virkja sjúklunga þegar öryggi í heilbrigðisþjónustu er annars vegar. Sjúklingar og allir sem taka inn lyf þurfa að vera á varðbergi og umgangast lyf af virðingu. Mikilvægt er eins og alltaf að gefa heilbrigðisstarfsfólki góðar upplýsingar um heilsufar, lyfjaofnæmi og lyf sem verið er að taka inn. Fólk þarf að þekkja lyfin sín, bæði virkni þeirra og útlit og láta vita ef það kannast ekki við þau lyf sem því eru borin eða ef einhverjar áhyggjur vakna. Brýnt er að fylgja leiðbeiningum um lyfjatöku og fá upplýsingar um hvernig lyfin virka, hugsanlegar aukaverkanir, hversu lengi á að taka þau og fleira. Sérstaklega er mikilvægt að fara yfir lyfjabreytingar og lyfjameðferð við útskrift af sjúkrahúsi. Röng lyfjameðferð getur nefnilega haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsuna eins og áður sagði.

Að lokum vil ég hvetja heilbrigðisstarfsmenn og landsmenn alla til að taka þátt í þeirri vegferð að draga úr miska af völdum lyfja. Munum að öryggi sjúklunga og öryggi lyfjameðferðar er sameiginleg ábyrgð okkar allra. ■

Ófræging verðtrygginga



Hjalti Þórisson
höfundur greina
um verðtryggingar

Ófræging verðtryggingar og verðtryggðra húsnæðislána, ekki síst langra með jöfnum greiðslum, hefur dunið á um langt skeið. Þó hafa „ábyrgir“ opinberir aðilar lengst af haldið aftur af sér í þeim efnum. Nýverið brá þó svo við að sjálfur seðlabankastjórnin tók óviðurkvæmilega í þann streng svo tók út yfir (sjá grein undirritaðs Fídis seðlabankastjórans á fréttablaðið. is og visir.is).

Ríkisútvarpið hefur yfirleitt farið sér hægt að tjá viðhorf í þeim efnum. Svo brá þó við sunnudaginn þann 28. ágúst í fréttatíma sjónvarpsins (fyrsta frétt) að doktor nokkur í hagfræði, kunnur að andúð sinni á verðtryggingum, fær að úthropa þau

athugasemdalest. Þetta á að vera bjargráð hans til þess fólks sem er í bráðavanda með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum sem skolið hefur á (eins við var að búast). Það fólk á augljósa leið út úr þeim bráðavanda og fjöldinn er að nýta sér hann, en nei: – ekki gera það. Borgið þið þegar verðbótavaxtaálag á ógjaldfallnar skuldir strax (hækkada vexti) úr tæmdum vösum og flytjið svo inn í leiguíbúðir lífeyrissjóðanna – guð má vita hvenær.

Undirritaður leyfir sér að sítera málflutning hagfræðingsins með framiköllum. Svo segir: Hann telji að brýnt sé að takmarka aðgengi að verðtryggðum lánnum. „Ég mæli með því fyrir einstaklingana sem



Til málsvara verðtrygginga er yfirleitt alls ekki leitað í fjölmíðlum.

eru að hugsa um sinn gang akkúrat núna, borgið þið niður skuldir eins mikið og þið getið [ef þið getið – þó það væri obbolítið], færið ykkur sem minnst yfir í verðtryggð lán [hvernig lán þá í staðinn með léttri greiðslubyrði?]. Munið þið eftir því að höfudstóllinn á verðtryggðum lánnum hækkar [– vegna þess að hver króna er þá verðminni og verðmæti hinna veðsettu eigna hækkar líka og jafnvel meira] vegna þess að þá verður höggið minna þegar vaxtastigið á lánunum breytist í framtíðinni [!! – hvaða lánunum? – þeim verðtryggðum sem eru með föstum vöxtum ha? – hvaða högg!].“

Til málsvara verðtrygginga er yfirleitt alls ekki leitað í fjölmíðlum.

Svo er það leiðari Fréttablaðsins 31. ágúst, er agnást út í íslensku krónuna og styrivaxtahækkanir og má það liggja milli hluta hér. Hins vegar segir svo þar: „Ekki er hægt að geyma verðmæti í íslenskrí krónu vegna þess að þau verða að engu. Verðtryggingunni var ætlað að bæta úr því en afleiðingar verðtryggingar hafa birst okkur í kollstepum sem skaða atvinnulífið í landinu og almenning en maka krókinn fyrir fjármálakerfið og efnamikla fjárfesta.“

Skorað er á leiðarahöfund og ritstjórn blaðsins að þessar fullyrðingar um afleiðingar verðtryggingar verði rökstuddar og færðar fram sannanir fyrir þeim og vísað til slíkra tilvika. ■

15% AUKA AFSLÁTTUR
AF SÝNINGAREINTÖKUM

LAGERHREINSUN

15% AUKA AFSLÁTTUR
AF SKILAVÖRUM

OUTLET

VERSLUN | SKEIFUNNI 7 | OPIÐ 12 - 18 | AÐEINS Í DAG

SÍÐASTI DAGUR Í DAG

AÐEINS Í SKEIFUNNI 7

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hljá, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is





Arnar Þór Viðarsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu.

Arnar tilkynnir hópinn í dag

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Arnar Þór Viðarsson, þjálfari karlalandsliðs Íslands, mun í dag opinbera landsliðshóp sinn fyrir verkefni liðsins síðar í mánuðinum.

Ísland mætir Venesúela í vináttulandsleik í Austurríki á fimmtudag. Liðið heldur svo til Albaníu, þar sem það mætir heimamönnum í lokaleik riðilsins í Þjóðadeild UEFA fimm dögum síðar. Ef önnur úrslit í riðlinum verða hagstæð gætu strákarnir okkar tryggt sér sæti í A-deild með sigri.

Mikil kynslóðaskipti hafa orðið á karlalandsliði Íslands í undanförunum landsliðsverkefnum. Það er þó búist við að einhverjir af þeim leikmönnum sem fóru með liðinu í lokakeppni Heims- og Evrópumótsins muni snúa aftur í landsliðshópinn fyrir komandi leiki. Það kemur í ljós í dag, þegar Arnar Þór tilkynnir nýjan hóp. ■



Aron Einar Gunnarsson gæti snúið aftur eftir meira en árs fjarveru.

Aron gæti snúið aftur í landsliðið

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Háværar sögusagnir hafa heyrst þess efnis að Aron Einar Gunnarsson, miðjumaður Al-Arabi og fyrrverandi landsliðsfyrirliði, verði í landsliðshópnum sem verður gerður opinber í dag.

Það myndi binda enda á rúmlega árs fjarveru hans frá landsliðinu en Aron Einar hefur ekkert spilað fyrir landsliðið frá því áskanir á hendur honum og knattspyrnumanninum Eggerti Gunnþóri Jónssyni um nauðgun litu dagsins ljós.

Ríkissaksóknari staðfesti undir lok ágústmánaðar niðurfellingu héraðsaksóknara á kynferðisbrotamáli sem höfðað var gegn Aroni Einari og Eggerti og með því er ekkert sem meinar Arnari Þór Viðarssyni landsliðsþjálfara að velja Aron á nýjan leik í landsliðið.

Aron á að baki 97 A-landsleiki fyrir Íslands hönd og var um árabíl fyrirliði liðsins, meðal annars á þeim tveimur stórmótum sem liðið komst á árið 2016 og 2018. Hann spilaði síðast landsleik fyrir Íslands hönd þann 8. júní í fyrra. ■



Íslensku stelpurnar báru af á gólfinu í gær og komust auðveldlega inn í úrslitin á laugardaginn. MYND/STEFÁN ÞÓR FRÍDRIKSSON

Ísland í úrslit en nægt rými til bætinga

Kvennlandsliðið í hópfimleikum komst örugglega áfram í úrslitin á EM. Smávægileg mistök gerðu það að verkum að Ísland var í þriðja sæti í gær en kvennlandsliðið á nógu inni fyrir úrslitin.

mhj@frettabladid.is

FIMLEIKAR Íslenska kvennlandsliðið hóf keppni á Evrópumeistarumótinu í hópfimleikum í Lúxemborg í gær. Tíu lönd voru mætt til keppni í ár en aðeins sex fóru áfram í úrslitin sem fara fram á laugardaginn. Íslenska liðið flaug inn í úrslitin í þriðja sæti með 51,050 stig, aðeins 1,625 stigum á eftir sænska liðinu sem leiddi öll lið. Það er ljóst að sænska landsliðið hefur látið tapið gegn Íslandi í fyrra sitja í sér og leit liðið afskaplega vel út á móttinu í ár en það má ekki gleyma því að þær sænsku voru einnig í fyrsta sæti eftir undankeppnina í fyrra þegar Ísland vann síðan mótið.



Karlaliðið var í fimmta sæti og komst einnig í úrslitin.

Sænska liðið varð fyrir miklu áfalli á dýnu í gær er ein stúlkan fótbrotnaði illa við landingu í annarri umferð. Sænska liðið kláraði þó síðustu umferðina á meðan sjúkraliðar önnuðust hana. Um opið beinbrot er að ræða þannig að ljóst er að sænska liðið þarf að kalla inn varamann fyrir úrslitin á laugardaginn. Þá er danska kvennlandsliðið einnig gríðarlega sterkt en þær

dönsku létu sig vanta á EM í fyrra vegna Covid-19. Dönsku stelpurnar tóku annað sætið inn í úrslitin rétt á undan Íslandi, með 51,300 stig.

Kolbrún Þóll Þorradóttir, stiga-hæsti keppandi kvennlandsins á EM í fyrra og fimleika kona ársins, var mætt óvænt til Lúxemborgar að styðja stelpurnar áfram en hún sleit hásin degi fyrir brottför og fór í aðgerð í byrjun vikunnar. Íslensku stelpurnar voru í banastuði fyrir mótið og sungu þær hástöfum í keppnisrúttunni á leiðinni niður í keppnishöll. Sú orka skilaði sér klárlega í frammistöðu liðsins er þær byrjuðu mótið af krafti á trampólíni.

Fyrstu tvær umferðirnar voru nær fullkomnar en smávægileg mistök á stökki yfir hest kostaði nokkur stig en það er þó eitthvað sem liðið getur auðveldlega lagað fyrir laugardaginn. Stelpurnar fengu þó 16,050 stig í einkunn sem telst ásættanlegt en þær geta toppað það að mati undirritaðs.

Íslensku stelpurnar fóru þá næst á gólf en Ísland hefur borið af á gólfi í gegnum árin og hefur það átt stóran þátt á velgengni Íslands í gegnum árin. Stelpurnar gerðu ágætis gólf og fengu 18,450 stig fyrir en sem fyrr segir er nægt rými inni til að bæta sig.

Þær enduðu síðan mótið á frábærum æfingum á dýnu og tryggðu sér þannig farseðilinn inn í úrslitin. Eitt klaufalegt fall sem verður auðvelt að losa sig við í úrslitunum en þær geta verið afar stoltar af frammistöðunni.

Næstu daga munu landsliðsþjálfarar kryfja hverja einustu tá með aðstoð myndbandsteymis til að reyna finna út hvernig hægt er að fá enn fleiri stig á laugardaginn.

Í fyrra voru stelpurnar í öðru sæti á leið inn í úrslitin, nokkrum stigum á eftir Svíþjóð, þær náðu hins vegar að gera betur í úrslitunum og enduðu sem Evrópumeistarar. Það getur allt gerst á laugardaginn þegar úrslitin fara fram. ■

Vonast til að þjóðarleikvangur sé næstur í röðinni

kristinnpall@frettabladid.is

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR „Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart því staðan er í raun óbreytt hjá okkur. Það er nefnd að vinna í öllum þjóðarleikvangsmálunum en okkar er ekki komið lengra á þessu stigi. Ég á í raun von á því að þessar hundrad milljónir sem fara í undirbúningsvinnu fyrir þjóðarhöllina komi okkur að góðum notum þegar kemur að skipulagsmálum,“ segir Freyr Ólafsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands, aðspurður hvort að það hefðu verið vonbrigði að sjá tillögu fjármálaráðherra til fjárlaga á næsta ári þar sem engu fé var ráðstafað í uppbyggingu á þjóðarleikvangi í frjálsum íþróttum.

„Mín tilfinning er að þjóðarleikvangur í frjálsum verði í nálægð við nýju höllina og það kæmi mér ekki á óvart ef gert yrði ráð fyrir frjálsíþróttavelli á skipulagsteikningunum.“

Freyr virðist vera þolinmóður en FRÍ hefur um árabíl kallað eftir nýjum leikvangi.



Laugardalshöll hefur reynst FRÍ vel en sambandið hefur lengi beðið eftir viðunandi utanhússaðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Freyr Ólafsson, formaður FRÍ

„Við erum vonandi næst í röðinni og það er samtal sem er að eiga sér stað á milli okkar, ríkis og borgar um þessi mál. Þessi hugmynd um höll fyrir innanhússíþróttir fékk meðbyr og við erum vonandi bara nokkrum mánuðum á eftir þeim.“

Á næstu dögum verður eitt ár liðið frá því að starfshópur

um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir skilaði inn tillögum til Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra sem gerði ráð fyrir að stofnkostnaður væri um tveir milljarðar.

„Það er engin stefnubreyting, við erum enn vongóð um að okkar mál gangi í gegn.“ ■



Sveppir gegna gífurlega forvitnilegum hlutverkum í náttúrunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sveppaskoðun í hádeginu

jme@frettabladid.is

Dagurinn í dag, föstudagurinn 16. september, er réttilega helgaður íslenskri náttúru. Þessi ákvörðun var tekin sama dag árið 2010, á 70 ára afmæli Ómars Ragnarssonar, eins þekktasta náttúruunnanda landsins. Í tilefni dagsins býður Grasagarðurinn upp á hádegisgöngu í Grasagarði Reykjavíkur.

Að þessu sinni fá sveppir, stórir sem smáir, þrútnir sem mjóir, þurrir sem slímugir, að skína í sviðsljósinu, enda er haustið ókrýndur konungur sveppaldina og ófáir sem leggja leið sína í nærliggjandi náttúrusvæði til þess að tína þessi gömsætu jarðaldin til átu.

Fjölbreytt funga Íslands

Í göngunni verður meðal annars fjallað um lifnaðarhætti og fjölbreytileika sveppa. Einnig verður gestum kennt hvernig þekkja megi matsveppi í náttúrunni. Þá verður kíkt á niðurbrotssveppi og gestir fræðast einnig um hið heillandi kerfi sveppróta í jarðveginum og þann fjölbreytta tilgang sem það gegnir í náttúrunni.

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson liffræðingur leiðir gönguna sem hefst stundvíslega klukkan 12 á hádegi við aðalinngang Grasagarðsins og tekur um hálf tíma. Hér er klárlega um að ræða fullkomna dægurstyttingu, sem hentar einnig fyrir vinnandi fólk sem hefur tök á því að skjótast aðeins í hádeginu. Þátttaka er ókeypis og öll eru velkomin. ■



Hlín er að vinna að fjölda spennandi verkefna með ólíku listafólki og er meðal annars að fara að gefa út ljóðadisk, þar sem hún leikles frumsamin ljóð við tónlist eftir tónlistarmanninn Vasilis Chountas, eða Morton.

MYNDIR/ÁSENDAR

Náðist að bjarga tónaljóðunum úr skógareldum í svartamyrkri

Söngkonan og rithöfundurinn Hlín Leifsdóttir býr í Grikklandi þar sem hún hefur haft nóg fyrir stafni. Hún er meðal annars að gefa út ljóðadisk með tónlist og leikur í söngleik. Ljóðunum hennar var naumlega bjargað frá skógareldum sem eru tíðir þar í landi. **2**





Sandra Guðrún
sandragudrun
@frettabladid.is

Hlín óraði ekki fyrir þeim ævintýrum sem hún hefur lent í þegar hún flutti til Grikklands fyrir tveimur árum. Hún býr í borginni Píraeus skammt frá Aþenu, þar sem hún getur horft út á sjóinn frá svölunum sínum.

„Mér líður vel að vera nálægt sjó. Ég er ekki mikið fyrir að synda í sjónum en mér finnst notalegt að hlusta á hann og finna að ég er hluti af náttúrunni. Ég er mikið náttúrubarn,“ segir hún.

Hlín er söngkona og rithöfundur og fór reglulega til Grikklands að vinna að verkefnum áður en hún flutti þangað. Hún ber Grikklandi og Grikkjum vel söguna og segir þá flesta ofboðslega almennilegt fólk sem hefur tekið henni vel. Hún er að vinna að fjölda spennandi verkefna með ólíku listafólki og er meðan annars að fara að gefa út ljóðadisk, þar sem hún leikles frumsamin ljóð við tónlist eftir tónlistarmanninn Vasilis Chountas, sem notar listamannsnafnid Morton í verkinu.

„Ég er að vinna þennan disk í samstarfi við Institute for Experimental Arts eða Stofnun í tilraunalistum. Það er alþjóðleg stofnun en var stofnuð í Aþenu árið 2008. Stofnunin vinnur að alls kyns tilraunalist en meðlimir eru frá sjö löndum,“ útskýrir Hlín.

„Stofnunin hefur það markmið að vera vettvangur þar sem alls konar listamenn, ljóðskáld, leikarar, rithöfundar, tónlistarmenn, sviðlistamenn, ljósmyndarar og líka verkfræðingar og tæknimenn geta komið saman, átt samtal og skapað list saman,“ segir Hlín og vikur talinu aftur að komandi ljóðadiski.

„Ég les ljóðin á íslensku, en það munu fylgja með þýðingar svo að fólk skilji um hvað ljóðin eru.“

Hlín segir það sameiginlega hugsjón sína, Vasilis og stofnunarinnar að nota tækni okkar tíma, tónlist og kvikmyndir til að þýða ljóð fyrir fólk.

„Ef ljóðið á að lifa af í þessum tækniheimi, þegar fólk er ekki mikið að lesa, ef ljóðið á að verða almenningsseign og ekki bara í filabeinsturni fyrir elítu, þá þarf að nota tónlist og myndlist og allt það sem þýðingarvél, fyrir ljóðin,“ segir hún.

„Þegar diskurinn er kominn út er næst á dagskrá að vinna með kvikmyndagerðarfólki sem býr til stuttmyndir í kringum ljóðin.“

Öskraði, skalf og titraði

Að sögn Hlínar eru Grikkir mjög duglegir að mæta á ljóðakvöld, jafnvel þeir sem lesa aldrei ljóð. Grísk ljóðakvöld eru mjög ólík sambærilegum viðburðum á Íslandi, oft er spiluð tónlist undir ljóðunum og skáldin lifa sig inn í flutninginn á máta sem Hlín segir að hún hafi ekki séð á Íslandi nema hjá útlærðum leikurum.

„Fyrst þegar ég mætti á ljóðakvöld í Grikklandi var engin tónlist spiluð. Þetta var bara hefðbundið ljóðakvöld þar sem fólk las upp ljóð. En þetta var samt allt öðruvísi en heima. Hluti af því sem dregur Grikki á ljóðakvöld er flutningurinn sjálfur. Þegar ég sá fyrst grískt skáld flytja ljóð þá var það vinkona mín Adriana Birbili sem las. En hún las ekki bara, hún öskraði sum orðin og hún skalf og titraði. Hún hélt á ljóðinu á blaði og hendurnar á henni titruðu,“ segir Hlín og bætir við hlæjandi:

„Ég var næstum hlaupin upp á svið til að taka utan um hana, ná í vatn eða athuga hvort hún þyrfti aðstoð, því ég var bara ekki vön svona miklum tilfinningum á ljóðakvöldum. En sem betur fer var ljóðið stutt og þegar því var



Hlín syngur á mótmælum í Aþenu og vinkona hennar Andromeda spilar undir.



Þegar ég var nýlega flutt til Aþenu lenti ég í því að ég þurfti að flytja út úr íbúðinni minni því hún fylltist af pöddum.

Hlín Leifsdóttir

lokið sá ég að það var allt í fína með hana, þetta var bara leiklist í hæsta gæðaflokki. Grikkir leika ljóðin, tilfinningin fyrir áherslum og þögnum er mögnuð, upplesturinn minnir á tónlist. Tilvistarleyfið sem menn taka sér til að túlka allan tilfinningaskalann hef ég aldrei séð áður. Þegar ég var að byrja að fara á ljóðakvöld hér úti þá kunni ég mjög litla grísku en ljóðin snertu mig samt mjög djúpt. Þess vegna er ég ekkert hissa þó að fólk sem er ekki vant að lesa bækur, geti farið á svona ljóðakvöld og virkilega notið þeirra.“

Rétt slapp undan skógareldum

Upptökum er lokið á ljóðadisknum og hann er að mestu leyti tilbúinn. Hlín segir að fyrsta ljóðið sé formlega komið út. En það er ekki komin nákvæm dagsetning á útgáfu disksins.

„Tæknifólkið er að klára sína vinnu og svo er markaðsfólk eitt-

hvað að skipuleggja. Ég bið bara róleg, ég er ekkert að skipta mér af þeirra starfi. Ég hlakka bara til þegar þetta kemur út,“ segir Hlín brosandí og bætir við:

„En það munandi litlu að diskurinn kæmi ekki út. Það hefur verið þó nokkuð af skógareldum í Grikklandi síðan ég flutti út, misalvarlegum. Anna V, sem er mjög þekktur teknó-tónlistarmaður hér í Grikklandi og fleiri löndum, vann hljóðvinnsluna fyrir þennan disk. Hún er mikill snillingur, enda byrjaði hún að læra þetta fag hjá pabba sínum sem sá um svona vinnu fyrir tónskáldið Vangelis og fleiri stór nöfn í tónlistarsögunni. Tónskáldið, Vasillis, hafði skilið tölvuna sína með öllum hljóðskránum eftir heima hjá henni þegar það kom upp skógareldur.

Anna V býr í útjadrí Aþenu þar sem útsýnið var áður ofboðslega fallett, þú horfðir á tré og græn svæði svo langt sem augað eygdi. En núna sérðu bara meira og minna brunnin svört tré og eyðimörk. Öll húsgögnin á svölunum hjá henni brunnu. Það er einn stóll sem slapp að mestu en hann er samt með brunagötum, hún hefur hann þar til minningar. Það urðu einhverjar skemmdir á húsinu hennar og það þurfti til dæmis að laga þakið hjá henni, en hún slapp vel að öðru leyti, mörg húsin í kring brunnu til grunna,“ útskýrir Hlín.

„En Anna náði sem sagt að bjarga einhverjum hlutum heima hjá sér, og setja í bílinn sinn áður en hún keyrði burtu í svartamyrkri. Það var svo mikill reykur að hún sá ekkert, hún sá ekki einu sinni götuna, hún keyrði bara áfram í gegnum kolsvartan

Hlín hefur verið í samstarfi við Institute for Experimental Arts, stofnun sem vinnur að alls kyns tilraunalist.

reykinn því hún þorði ekki að vera þarna. En gögnin með ljóðunum voru sem sagt hluti af því dóti sem hún náði að bjarga.“

Kurteisinn borgaði sig

Það er mjög margt á dagskrá hjá Hlín fyrir utan að biða eftir útgáfu ljóðadisksins. Þessa dagana er hún að leika í söngleik með leikhóp sem hún er nýlega komin í samstarf við.

„Ég er að leika og syngja í verki eftir Leonardo Thimo og Theocharis Papadopoulos. Við erum að sýna í Aþenu núna en svo förum við í ferðalag með leikritið. Þetta er söngleikur sem er ádeila á nútímamanninum og hans líf. Þarna er ég að leika á grísku og syngja klassíska tónlist á armensku, tékknesku, rússnesku og ítölsku, gríska þjóðlagatónlist og fleira. Tónlistin kemur sem sagt héðan og þaðan í tíma og rúmi sem er svolítið skemmtilegt, en krefjandi,“ segir Hlín.

„En svo er ég líka að fara að setja upp söngleik sjálf. Það er verk sem ég var búin að vöðlast með í smá tíma en ég áttaði mig ekki á því hvort það ætti að vera ljóðabálkur, leikrit eða skáldsaga. Svá þegar ég fór að leika í þessum söngleik sá ég að formið sem hentar þessu verki mínu best er einmitt söngleikurinn. En það verkefni er á algjöru byrjunarstigi svo ég get ekki sagt meira frá því núna.“

Hlín segir að það sé svolítið skemmtileg saga að segja frá því hvernig hún kynntist öllu þessu listafólki í Grikklandi.

„Þegar ég var nýlega flutt til Aþenu lenti ég í því að þurfa að flytja út úr íbúðinni minni því hún fylltist af pöddum, veggjalýs held ég að þær heiti á íslensku. Ég neyddist til að fara á hótél og þurfti að vera þar í nokkra daga þangað til ég fann aðra íbúð til að búa í. Ég hef unnið á hóteli og veit hvað það getur verið hryllilega erfitt, það er svo margt fólk með hroka og leiðindi við mann í því starfi. Ég lagði mig þess vegna sérstaklega fram um að vera almennileg við konuna í móttökunni,“ segir hún.

„Ég spjallaði stundum við hana og einu sinni spurði ég hana hvort það væri í lagi að ég myndi æfa mig að syngja í herberginu mínu. Hún heyrði svo í mér þegar ég var að æfa mig og sagði að henni fyndist ég syngja vel. Þá kom í ljós að hún er sjálf skáld og kvikmyndagerðarkona. Hún kynnti mig fyrir vinum sínum sem eru listafólk og þannig kynntist ég alls kyns listafólki hér, þegar ég var tiltölulega nýkomin til landsins. Síðan þá hefur þetta undið upp á sig. Mér finnst ég ótrúlega heppin.“ ■



FYRIR VEISLUNA, FYRIR VINNUNA
EITTHVAÐ NÝTT
FYRIR ÞIG



Tískan
ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Frímínútur



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Ingunn Lára
Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is



Íslenskir torfbæir í fókus

Myndasalur Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu, 17. september

Hvað?

Sýning um samstarf danska arkitektensins Poul Nedergaard Jensen, kennara við Arkitektaskólann í Árósum, Þjóðminjasafns Íslands og Konunglegu dönsku listaakademiunnar um skrásetningu á íslenskum torfbæjum. Nafn sýningarinnar vísar í þá staðreynd að skrásetningin fór fram á elleftu stundu, áður en torfbæirnir voru allir horfnir. Þessi byggingartegund sem þróast hafði með þjóðinni í meira en árþúsund var þegar horfin að miklu leyti. Næstu árin fóru skólarnir í nokkrar námsferðir til Íslands þar sem torfbæirnir voru mældir upp og teiknaðir.

Skráningin var gerð með það fyrir augum að vekja athygli á mikilvægi og sérstöðu þessarar sér-íslensku byggingartækni og leggja grunn að varðveislu hennar. Á sýningunni gefst einstakt tækifæri til að berja afraksturinn augum.



Matarkjallarinn Veitingahús

Hvað?

Framúrskarandi matur og umhverfi í hjarta miðborgarinnar.

Fyrir hvern?

Í hádeginu er Matarkjallarinn frábær staður fyrir stefnumót, vina- eða vinnufund. Staðurinn býður upp á einstakt úrval rétta úr íslensku hráefni og því er heldur ekki úr vegi að bjóða erlendum gestum með sér, til að prófa brot af því besta sem íslensk matarhefð felur í sér.

Staðurinn er í sögufrægu húsi og sagan er ápreiðanleg og nálæg þar sem gamli hafnarveggurinn er hluti af innréttingu húsnæðisins sem á sér 160 ára sögu. Matarkjallarinn er einstaklega hentugur staður til að skella sér með stórfjölskyldunni á stórafmæli eða útskrift, fyrir smærri hópa sem vilja gleðjast saman af góðu tilefni. Þjónustan er persónuleg og fagleg. Þá er bara að finna gott tilefni og skella sér! ■

Hvað er um að vera í næstu viku?

19. september
mánudagur

■ **Bollywood-dans fyrir fullorðna Samfélagshúsið Aflagrandu kl. 19.00**

Ókeyppis þrúfúti fyrir 18 ára og eldri. Bollywood-gleði með Max og Raquel.

■ **Opið uppistandskvöld Gaukurinn kl. 20.00**

Svokallað „mystery mic“ kvöld þar sem fólk fær að spreyta sig í uppistandi. Frítt inn.

20. september
þriðjudagur

■ **Húllanámskeið fyrir fullorðna Dansverkstæðið kl. 18.30**

Róberta Michelle Hall kennir alls konar brellur og trix í húlladansi. Tíminn kostar fjögur þúsund eða þrjú þúsund með klippi-korti.



■ **Nýsköpunarþing – Hugvitið út! Gróska hugmyndahús kl. 13.30**

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, setur þing. Hvernig getur hugvit orðið stærsta útflutningsgrein Íslands?

21. september
miðvikudagur



■ **Joni Mitchell kvöld Dillon kl. 21.00**

Notalegt kvöld þar sem ferðast verður aftur til áttunda áratugarins uppi á lofti á Dillon.

■ **Jurtalitun, Shibori og Ecoprint Myndlistaskólinn í Reykjavík kl. 17.45**

Christalena Hughmanick fer yfir helstu þætti jurtalitunar á textíl. Kennir á ensku og opið öllum.

22. september
fimmtudagur

■ **Saunafest**

Laugardalslaug kl. 20.00

Gufunes Sánafest 22. til 24. september. Tveir sánavagnar verða til staðar við bakka Laugardalslaugar. Frítt í laugina fyrir þau sem bera armband viðburðarins alla þrjá daga.

■ **Bergur Ebba uppistand Tjarnarbió kl. 22.00**

Kynslóðir er ný uppistands-sýning þar sem Bergur Ebba skemmtir fólki í heila kvöldstund með gamanefni sínu um vesenið sem fylgir því að búa á Íslandi og lifa á tímum stórkostlegra tækni- og þjóðfélagsbreytinga.

Netfyrirbærið

Rithöfundurinn kominn á TikTok

Hallgrímur Helgason er óvæntasta TikTok-stjarnan sem sannar það að nýir samfélagsmiðlar eru ekki bara fyrir yngstu kynslóðina. Hann segir 17 ára dóttur sína hafa sannfært hann um að byrja að birta myndbönd á TikTok.

„Þetta byrjaði sem brandari með dóttur minni,“ segir Hallgrímur sem birti fyrsta myndbandið sitt í júlí þar sem hann syngur og dansar við Top Off eftir DJ Khaleed. Eftir það var hann duglegur að birta stutt myndskaið úr lífi sínu, oft í hraðmynd (e. timelapse), en áður en hann vissi af var hann kominn með tuga þúsunda áhorf.

„Ég kunni ekkert á þetta,“ útskýrir Hallgrímur en hann segir viðbrögðin svo hafa sannarlega komið á óvart.

Myndböndum hans mætti lýsa



Hallgrímur er vinsæll á TikTok.

sem dáleiddandi, listrænum og steiktum og virðast þau vera einhver fullkomin blanda af hversdagsleika og fánleika sem fellur í kramið hjá ungu fólki. ■

Uppskriftin

Huggulegur haustmatur á sveppatið

Nú er kjörtími fyrir sveppatinslu og um að gera að skella í einn rjómakennan vegan pastarétt. Rétturinn er einfaldur og ljúffengur.

Vegan sveppapasta með ferskri basilíku

- [Eggjalaust pasta](#)
- [Blandaðir sveppir](#)
- [Handfylli af ferskri basilíku](#)
- [Þrjú stórir sólþurrkaðir tómatar úr krukku](#)
- [Þrjú hvítlauksrif](#)
- [100 g Oatly sýrður rjómi](#)
- [200 ml Aito pipar hafrarjómi](#)
- [Salt og pipar](#)
- [Vegan parmesan](#)

Byrjið á að sjóða pastað al dente og steikja sveppina á pönnu upp úr olíu með salti og pipar á háum hita.



Það gerist ekki huggulegra.

Saxið basilíkuna, tómata og hvítlaukinn og bætið út á pönnuna. Lækkið hitann á pönnunni og bætið nokkrum skeiðum af pastavatninu á pönnuna. Blandið pastanu, al dente, saman við sveppina á pönnunni og bætið við Oatly- og Aito-rjómanum og smakkið. Ef bragðið er of vægt er sniðugt að bæta hálfum grænmetisteningi út á. Svo bara setja í skál og rífa vegan parmesan ofan á og ferskan pipar eftir smekk. ■

Uppistand ætti að veita líkn en ekki lausn

Bergur Ebba snýr aftur með uppistandssýninguna sína Kynslóðir í Tjarnarbió og Hljómahöll í september eftir stuttan sumardvala. Aðspurður segist hann ætla á þessum tveimur tímum að reyna að láta fólki líða betur.

„Það er alltaf meiri stemning yfir haust- og vetrartímann. Veðrið er verra, það kreppir meira að í samfélagsumræðu og það verður allt svo myrkt, eins og engin lausn sé í sjónmáli. Þá er best að fá fólk inn,“ segir Bergur Ebba en hann er þekktur fyrir sögumannslegan stíl í sínu uppistandi þar sem hann greinir samfélagið á alvarlegan jafnt sem gamansaman hátt. Hann segist líta upp til uppistandara eins og George Carlin og segir áhuga-verðustu hugmyndirnar koma fram í samsöðu hámenningar og lágmenningar, þess fræðilega og alþýðlega.

„Carlin sameinadi þessa hluti. Hann var mikið fyrir stóru myndina í sínum hugsunarhætti og gerði ólíklegar tengingar sem



Bergur Ebba segist vilja nýta sínar tvær klukkustundir í að láta fólki líða vel.

spönnuðu mörg mismunandi svið sem höfðu ekki oft tengingu.“ Uppistand sé hinn fullkomni vettvangur fyrir slíkar greiningar.

Bergur Ebba tekur þó fram að fyrst og fremst sé uppistandið alþýðulíft sem ekki eigi að taka

af alvarlega. „Þó ég setji þetta í háleitan búning þá finnst mér að gæði uppistands eigi að vera metin út frá skemmtanagildi. Vísindi og kannski pólitik að einhverju leyti leita að lausnum og það er gott og gilt. Galdurinn við

” Þó ég setji þetta í háleitan búning þá finnst mér að gæði uppistands eiga að vera metin út frá skemmtanagildi.

uppistand, alla vega hvernig ég nálgast það, er að í staðinn fyrir að koma upp á svið og útskýra hluti eins og þú sért með lausnina þá áttu að veita líknina.“

Líknina?

„Uppistand og grínið lækna þig ekki en það líknar, veitir tíma-bundið skjól frá sársaukanum. Við erum bara dauðleg og það er ekki til lokalausn á neinu.“ ■

Fyrstu árin

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 16. september 2022

Kynningar: Englabörnin, CU2, Artasan



Ester Bergmann Halldórsdóttir í Englabörnum þar sem nú fast líka dásamleg fót fyrir fyrirbura. Þessa dagana fyllist búðin af vetrarfatnaði fyrir börn og sparifötum fyrir jólin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Undurfalleg og mjúk klæði fyrir krílin

Í barnafataversluninni Englabörnum í Kringlunni verður blásið á 40 kerta afmælsköku í ár. Í hönd fer skemmtilegasti tími ársins þegar jólakjólar, spariföt og allt fyrir hvunndagslíf barna fyllir búðina, og nú líka fyrir fyrirbura. **2**

ER FJÖLSKYLDAN AÐ STÆKKA?

Við hjálpum þér að finna
réttu græjurnar til að
léttu þér lífið

NEONATE N65 barnapía

- Stór LCD skjár, hitamælir og viðvörðun
- Allt að 800 metra drægni
- Allt að 200 klst. rafhlöðuending
- Tengist við 3 barnatæki
N65LGREY



35.995



BABY BREZZA Formula Pro Advanced pelavélin

- 1,5 lítra vatnstankur, 60 - 300 ml skammtar
- Virkar með öllum pelum og flestum mjólkurduftum
- Blandar á örfáum sekúndum
- 3 hitastillingar
FRP0046EU

42.995



CHICCO Easy Meal barnamauksvél

- gufusúður, blandar, afþiðir og hitar matinn
- Rifjárn ofan á vél
- BPA laust plast
- Einföld í notkun
C7656000

22.995



ANGELCARE Baby Movement Monitor barnapía

- Hreyfiskynjun og hitamælir
- SensASURE plata
- 250 metra drægni
- Allt að 12 klst. rafhlöðuending
611101

29.995

- ## SLEEPYTROLL barnaruggari
- Passar á alla barnavagna
 - Innbyggð endurhláðanleg rafhlaða
 - Hreyfi- og hljóðskynjari
 - Stíllanlegur hraði
SLT001



19.995

CHICCO ferða-pelahlitari

- Virkar með flestum pelum
- 3 stillingar
- Sjálfvirkur slökkvvari
- Bittengi
C7389100



10.995

BEURER BY 90 barnavog

- 20 kg hámarksþyngd
- Innbyggð málband
- Stór LCD skjár
- Bluetooth tenging við síma
BEURBY90



9.994



NENO Uno þráðlaus brjóstapumpa

- Laus við allt BPA
- 6 hraðastillingar, 9 kraftstillingar
- Innbyggð minni
- Allt að 2 klst. rafhlöðuending
763002

9.995

BEURER stafrænn hitamælir

- Hitamælir í eyra
- Mælir hitastig hluta, s.s. pela
- Geymir 10 mælingar í minni
- Hægt að velja °C og °F
BEURFT58



6.995



Prjónaskapur leikur í höndum textilkennarans Hjördísar Björgar Andrésdóttur sem byrjaði að prjóna teppi og barnaföt þegar hún vissi að hún væri að verða amma. Síðan hefur ömmubörnunum fjölgað og nú er tilbúið bleikt prinsateppi, heimferðarsett og tvær stærðir af húfum, svona til öryggis, handa ófæddri ömmuprinsessu sem er von á í nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hér má sjá bleikt prinsateppi sem Hjördís prjónaði en líka bleika prjónasmekki, peysu og húfu í stil, trefil og hvitröndótt peysusett. Allt hlýtt og mjúkt fyrir krilið.

Prjónar prinsateppi fyrir nýfædd ömmugull sín

Hjördís Björg Andrésdóttir textilkennari á tvö barnabörn og von er á því þriðja í vetur. Þegar hún vissi að von var á fyrsta barnabarninu fór hún að prjóna barnaföt og „prinsateppi“ sem hún segir að sé afburða fallegt teppi.

svavajons@simnet.is

„Uppskriftin að prinsateppinu þekur heilar tvær bladsíður og er engin umferð eins. Með tilhlökkun yfir því að taka á móti ungbarni inn í fjölskylduna var prinsateppi prjónað af kappi auk þess sem ég prjónaði heimferðarsett og annað teppi. Lítil stúlka kom svo

í heiminn og var allt tilbúið fyrir dómuna,“ segir Hjördís.

Þremur árum seinna var annað barn á leiðinni og þá fékk amman að prjóna blátt.

„Ég var komin í æfingu með prinsateppið og auðvitað átti drengurinn að fá eins teppi, nema blátt. Kapp var lagt á að prjóna heimferðarsett og voru tvö stykki í mismunandi stærð prjónuð ásamt aukateppi.“

Ætlaði sko ekki að prjóna

Og í dag, tveimur árum seinna, er aftur lítil stúlka á leiðinni sem á að fæðast í byrjun nóvember.

„Amman er orðin dálítið þreytt á að prjóna prinsateppið góða. Mér

77 Ég legg áherslu á gott garn þegar prjónuð eru ungbarnaföt og að þau séu mjúk og hlý.

finnst það vera seinlegt; en hvað gerir amma ekki fyrir ömmubörnin sín? Hún skellir í prinsateppi en nú er það bleikt á litinn. Þetta er prjónað á methraða, enda komin í þjálfun, ásamt bara einu heimferðarsetti. Allt er bleikt á litinn. Tvær stærðir af húfum eru prjónaðar svona til öryggis. Aukateppið er ekki komið enn en verður kannski bara í jólapakkanum,“ segir Hjördís frá.

Það eina sem er eftir áður en ömmugullið kemur í heiminn er að þvo og slétta og bæta við tölum á heimferðarsettið.

En á hvað leggur Hjördís áherslu þegar hún prjónar á barnabörnin?
„Ég legg áherslu á gott garn þegar

prjónuð eru ungbarnaföt og að þau séu mjúk og hlý. Minn grundvöllur að prjóna- og saumaskap er uppeildið sem ég fékk. Amma mín, sem ól mig upp, kenndi mér allt sem viðkemur handavinnu. Ég byrjaði seint að læra textil í skóla eða um tólf ára gömul og mér gekk bara alls ekki vel í fyrsta prjónaverkefninu mínu sem voru ullarvettlingar á fimm prjóna. Annar varð dúkkuvettlingur og hinn á fullorðinn karlmann. Og ég ætlaði sko alls ekki að prjóna í framtíðinni, enda leið langur tími þar til prjónar voru teknir upp aftur. Saumavélin hennar ömmu fékk svo engan frið. Þessa græna, gamla saumavél veur ávallt hlýjar minningar.“ ■

Kvefuð augu?

Dauðhreinsaðir klútar sem henta vel í meðferð barna frá þriggja mánaða aldri við óþægindum í augum.



Fæst í öllum apótekum

provision
© © ©



Hakk og spagetti er uppáhaldsmatur margra barna, en það er samt fullorðna fólkíð sem ræður hvað er í matinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Góð ráð við matvæðni

Hægt er að vinna markvisst að því að barn læri góða siði í umgengni við mat og minnka líkur á matvæðni en til þess þarf einbeittan vilja og þeir sem annast barnið verða að vera samtaka í því verkefni. Mikilvægt er að muna að börn eru ólík að edlisfari og það sem hentar einum þarf ekki að henta öðrum. Foreldrar þurfa að læra á börnin sín og vinna með þeim út frá þeirra sérkennum en vera vel meðvitaðir um að:

Fullorðnir ráða: Hvað er í matinn og hvenær er borðað.

Börnin ráða: Hvort þau borða og hversu mikið þau borða.

Börn þurfa tíma til að venjast nýjum fæðutegundum. Best er að bera þær fram nokkur skipti í röð, þá er líklegt að barnið fari smám saman að vilja borða þær. Góð leið er að byrja á að láta barnið smakka smá og leyfa því að venjast nýrri fæðutegund. Það getur tekið allt

upp í tíu skipti að venjast nýrri fæðutegund. Einfaldir réttir og fáar tegundir falla best að smekk flestra barna. Þannig eru hinir dæmigerðu barnadiskar með þremur hölfum í raun alveg eftir þeirra höfði. Kartöflur eða kornmeti á einum stað, kjöt eða fiskur á þeim næsta og loks grænmeti eða ávextir á þeim þriðja. Það er líka í samræmi við góða og fjölbreytta máltíð og auðvitað má gera það sama á venjulegum disk. Pottréttir og kássur höfða síður til barna, þau vilja flest skipulag á disknum þar sem ólíkar fæðutegundir mega jafnvel ekki snertast.

Litir og lögun skipta líka máli þannig að í stað blandaðs grænmetis gæti verið betra að gular baunir séu aðskildar frá grænum og gulrætur skornar í langar ræmur en ekki rifnar. Hugmyndaflugíð er kannski best í þeim efnum ásamt því að þekkja barnið og kenjar þess. Heimild: heilsuvera.is ■

Vegna aukinnar eftirspurnar eftir náttúrulegum húðvörum á meðgöngu hefur **Bio-Oil** próað **100% náttúrulega húðolíu.**

Klínískar rannsóknir hafa sýnt fram á að **Bio-Oil Natural** er jafn áhrifarík og hin sívinsæla **Bio-Oil** sem skilað hefur ótrúlegum árangri.

- Bætir ásýnd húðslita og öra
- Hjálpar til við að draga úr möguleikanum á húðslitum á meðgöngu
- Jafnar húðlit
- Hefur jákvæð áhrif á öldrun og raka húðarinnar



Bio-Oil®

er fánleg í öllum helstu apótekum,
barnavöruverslunum, Hagkaup,
Fjarðarkaup og á Heimkaup.is



„Það er brýnt að beina athyglinni að bókinni, spjalla um myndirnar og skýra út orðin um leið,“ segir Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor í talmeinafræði við læknadeild og á Menntavísindasvið Háskóla Íslands. **FRÉTTA BLAÐIÐ/ERNIR**

Mikilvægt að kynna undraheim bókanna

Lestur skiptir mjög miklu máli til að örva málþroska barna. Best er að lesa daglega fyrir þau eða oft á dag. Börnin læra meira ef staldrað er við orð og myndir.

starri@frettabladid.is

Það hefur ítrekað komið fram í rannsóknum að það skiptir öllu máli að lesa fyrir börn. Þar kemur margt til. Í bókum er flóknara mál en við notum í daglegu tali þannig að með því að lesa fyrir börnin kynnum við fyrir þeim ný orð og flóknari setningar, segir Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor í talmeinafræði við læknadeild og á Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

„Við vitum að börn læra tungumálið í gegnum samskipti við umhverfi sitt. Við náum gæðastund með börnunum með því að lesa fyrir þau og spjalla um bókina. Það er brýnt að beina athyglinni að bókinni, spjalla um myndirnar og skýra út orðin um leið. Börnin virðast læra meira af því ef lesið er með því að ræða um bókina og textann um leið en ef það er bara lesið fyrir börnin án þess að staldra við orð eða myndir. Það skiptir líka máli að lesa oft fyrir börnin, helst á hverjum degi eða oft á dag.“

Best að byrja snemma

Börn byrja að mynda fyrstu orðin við eins árs aldur og þá er gott að byrja að lesa fyrir þau eða jafnvel fyrir, segir Jóhanna.

„Við vitum að það er margt sem börnin læra um tungumálið í umhverfinu áður en þau mynda fyrstu orðin. Svo skiptir miklu máli að lesa reglulega fyrir börnin,

kynna fyrir þeim undraheim bókanna snemma og halda því áfram að lesa fyrir þau fram eftir grunnskólalagöngunni.“

Fengist við ýmsar rannsóknir

Jóhanna hefur síðustu ár verið að fást við rannsóknir á máltöku barna auk þess að rannsaka stam hjá ýmsum aldurshópum. „Fyrir nokkrum árum gerði ég ásamt félögum mínum Ingibjörgu og Amalíu umfangsmiklar rannsóknir á tengslum málþroska barna við lok leikskóla og námsgengi í grunnskólanum. Við hönnuðum próf sem heitir Hljóm en það metur hljóðkerfisvitund barna við lok leikskóla.“

Hljóðkerfisvitundin er einmitt undirstaða þess að ná tökum á umskráningu eða að umskrá bókstafi í hljóð og orð og spáir fyrir um lestrarnámið, segir Jóhanna. „Við gátum sýnt fram á með því að fylgjast með tæplega 250 börnum í tíu ár að málþroski barna, bæði hljóðkerfisvitundin og málskilningurinn við lok leikskóla, spáir fyrir um námsgengi og líðan í grunnskóla.“

Örvun málþroska áhugaverð

Hún hefur einnig verið að skoða máltjáningu leikskólabarna og safnað málsýnum frá 2-8 ára börnum ásamt nemendum sínum.

„Í tengslum við það verkefni gerðum við bók um tíðni orða í talmáli barna til að finna út hvaða orð börnin eru að nota þegar þau eru að tjá sig á íslensku. Ég gerði líka málþroskaprófið MELB ásamt Þóru samstarfskonu minni í talmeinafræðinni og Ingibjörgu og Sigurgrími en MELB er staðlað málþroskapróf byggt á rannsókn- um á máltöku barna á Íslandi.“

„**Við vitum að það er margt sem börnin læra um tungumálið í umhverfinu áður en þau mynda fyrstu orðin.**

Jóhanna Thelma Einarsdóttir



Um þessar mundir segist hún hafa mestan áhuga á því að skoða leiðir til að örva málþroska barna. „Það er vitað að umhverfið hefur mikið að segja um hversu góðan málþroska börnin hafa og þar kemur til bæði magn og gæði eða hvernig og hversu mikið við tölum við börn.“

Mér finnst það vera grundvallarmannréttindi að ná góðum tökum á tungumálinu og að geta orðað auðveldlega skoðanir og tilfinningar. Ég hef um nokkurt skeið haft miklar áhyggjur af íslensku-færni fjöltyngdra barna og það er ýmislegt sem bendir til þess að þar þurfum við að gera stóratök.“

Samskiptin mikilvægust

Nú eiga bækur í sífellu harðari baráttu við tölvu- og símaskjái og sjónvarpið. Hvað skyldi vera helst til ráða að hennar mati?

„Samskiptin skipta hér öllu máli. Við eigum að sýna barninu alla okkar athygli og vera ekki í símanum á meðan við erum að sinna því. Mér finnst til dæmis grátlegt að sjá foreldra og börn

á leikvöllinum eða úti að ganga þar sem foreldrar eru í símanum meðan þeir eru með barninu í stað þess að spjalla við það.“

Það er mjög mismunandi hversu ríkulegt málumhverfi barnanna er. Í raun er ákveðið misrétti í gangi. En símar og sjónvarp eru komin til að vera. Það er alla vega betra að horfa með barninu á þætti í sjónvarpinu og spjalla um þá en að láta barnið horfa eitt á barnatímamann. Það er líka betra að spjalla um leiki í símanum og orða það sem barnið er að gera í símanum heldur en láta það vera eitt um það.“

Hún segir það vera mikinn mis- skilning að halda að ung börn læri framandi tungumál af því einu að hlusta á það í símanum eins og kom fram í einni rannsókn hjá þeim. „Sumir foreldrar velja líka skjálaust uppeldi fyrir börnin sem getur skapað fleiri jákvæðar sam- verustundir innan fjölskyldunnar. Það er kannski einfaldast að sleppa alveg símanum og sjón- varpi nema um stórhátíðar og helgar.“ ■

Börn byrja að mynda fyrstu orðin við eins árs aldur og þá er gott að byrja að lesa fyrir þau eða jafnvel fyrir. Foreldrar ættu að halda lestrinum áfram fram eftir grunnskóla- göngunni. **FRÉTTABLAÐIÐ/ GETTY.**

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Rvk. | S. 567 2330
www.bilasmidurinn.is

Uppáhaldsvörur Hönnuh Davíðs fyrir fyrstu árin

Hannah Davíðsdóttir er tveggja barna móðir sem hefur notað Lansinoh og Better You vörur og mælir hiklaust með fyrir alla sem hyggja á barneignir.

Það er að mörgu að huga þegar von er á nýjum einstaklingi í heiminn og margt sem fylgir í undirbúningi og tilhlökkun yfirleitt mikil. Meðgangi getur verið mismunandi en þó er alltaf gríðarlega mikilvægt að huga að hollri og næringarríkri fæðu ásamt því að taka inn valin bætiefni til að tryggja upptöku á nauðsynlegum vítamínum fyrir bæði móður og barn. Að auki er góður kostur að kynna sér áhrifaríkar vörur sem henta vel fyrir bæði móðurina og barnið.

Leggur mikla áherslu á heilbrigðan lífsstíl

Hannah Davíðsdóttir er 24 ára, tveggja barna móðir sem hefur ástríðu fyrir líkamshættu og heilbrigðum lífsstíl. Hannah leggur mikla áherslu á að gera allt sem hjálpar líkamanum til að hafa næga orku og vill slíkt hið sama fyrir alla í sinni fjölskyldu. Síðustu misseri hefur Hannah notað vörur frá Lansinoh sem hafa komið sér afar vel við brjóstgjöf ásamt einstökum munnúðum frá Better You sem hafa slegið í gegn hjá öllum fjölskyldumeðlimum á hennar heimili. Hannah hefur tekið saman sínar uppáhaldsbarnavörur sem hafa komið sér vel og deilir hér sinni reynslu.

Lansinoh bjargvættur með litil krili

„Mín helsta og besta vinkona í gegnum fyrstu mánuðina var mjólkursafnarinn frá Lansinoh. Mín ábending til allra mæðra sem eru með barn á brjósti er að fjárfesta í einum slíkum þar sem safnarinn grípur hvern einasta dropa sem hefði annars bara farið í lekaflífar eða jafnvel flíkina. Græjan er einföld í notkun og líka í þrífum sem er frábær kostur. Fjölnota lekaflífar eru að auki algjör nauðsyn en þær eru ótrúlega þægilegar og haldast mjúkar í þvotti. Þessar hlífur hafa sparad mér mjög mörg vandræðaleg atvik þegar ég finn að flæðið byrjar að leka á almannafæri, því það lekur ekkert í gegn.

Lanolín brjóstakremið frá Lansinoh er svo líka vara sem ég hef notað vandræðalega mikið á alla fjölskyldumeðlimi á heimilinu, bæði á þurrkubletti og sár en einnig líka sem krem á bleyjusvæðið fyrir börnin,“ segir Hannah sem mælir hiklaust með vörunum frá Lansinoh fyrir allar nýbakaðar mæður.

Bragðgóðir Better You munnúðar

Better You vörurnar njóta aukinna vinsælda og ekki að ástæðulausu þar sem mikið er lagt upp úr gæðum og að upptaka á vítamínum sé tryggð. Munnúðar eru einföld og áhrifarík leið til að taka inn vítamín og fyrir þá sem eiga erfitt með að kyngja töflum eða hafa undirliggjandi meltingarvandamál. Better You vítamínin koma öll í formi munnúða sem tryggir góða upptöku gegnum slímhúð í munnnum ásamt því að úðarnir eru sérlega bragðgóðir og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, ungir sem aldnir.



Síðustu misseri hefur Hannah notað vörur frá Lansinoh sem hafa komið henni afar vel við brjóstgjöf ásamt einstökum munnúðum frá Better You sem hafa slegið í gegn hjá öllum fjölskyldumeðlimum á hennar heimili.

MYND/KRISSY



Hannah mælir með Better You munnúðum fyrir fjölskylduna

„Ég hef notað Dlux infant frá Better You í rúmlega þrjú ár því það er svo einfalt í notkun fyrir nýbura og er þekkt fyrir að fara ekki illa í magann á þeim eins og önnur D-vítamín á markaðinum gera gjarnan. Mér þykir það afar góður kostur fyrir börn þar sem þau þurfa að sjálfsgöðu líka á D-vítamínviðbót að halda eins og allir aðrir. Bein barna eru mjúk og viðkvæm fyrst um sinn og þurfa þau því auka stuðning til þess að verða stór og sterk.

Ég er einnig stærsti addáandi Pregnancy spreysins frá Better You þar sem það hjálpaði svo gríðarlega mikið að koma í veg fyrir ógleði á seinni meðgöngunni

minni. Því miður var línan ekki til þegar ég var ólétt að eldri stelpunni minni þar sem ég hefði virkilega þurft á því að halda á þeim tíma en hún kom sem guðsgjöf með seinni og mun ég aldrei sleppa því að nota hana á framtíðar meðgöngum,“ segir Hannah sem hefur lengi notað vörur Better You með góðum árangri. Hannah mælir eindregið með vörunum frá Better You fyrir alla fjölskylduna en allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. ■

Lansinoh fæst í Krónunni, Hagkaupum, Fjarðarkaupum, apótekum og barnabúðum. Better You fæst í apótekum og heilsuhillum stórmarkaða.

Hannah mælir hiklaust með vörunum frá Lansinoh fyrir allar nýbakaðar mæður. Línan inniheldur mjólkursafnara, einnota og fjölnota lekaflífar og brjóstakrem.





Birtan er notaleg, áklæði stóla og bekkja í mjúkum litum, borðplötur úr grænleitem marmara, pússaðir veggir grámálaðir.

Ný vinstúka í elsta veitingahúsi Stykkishólms

Veitingahjónin Steinunn Helgadóttir, veitinga- og framkvæmdastjóri, og Sæþór Þorbergsson matreiðslumeistari hafa staðið í stórræðum í kjallaranum á veitingahúsi sínu, Narfeyrarstofu í Stykkishólmi.

sjofn@frettabladid.is

Þau Steinunn og Sæþór hafa átt og rekið Narfeyrarstofu frá árinu 2001. Veitingahúsið er eitt af glæsilegustu og farsælustu veitingahúsunum á Vesturlandi og margrómað fyrir vandaða og gæðamikla matargerð. Þarna hefur skapast hlýleg umgjörð þar sem gamli og nýi tíminn mætast.

Á neðri hæð hússins sem hýsir Narfeyrarstofu er einstakur kjallari sem Steinunn og Sæþór ákváðu að gera upp og stækka staðinn með stórfenglegri útkomu.

Narfeyrarstofa er í hjarta bæjarins í einstöku húsi sem á sér mikla sögu og því er virðingarvert að sjá hversu vel hefur verið hugsað um húsið og er viðhald til fyrirmyndar.

Einstök upplifun er að koma í kjallara Narfeyrarstofu en á veggjum eru gamlar hleðslur sem voru undir húsinu og svo blasir við þversnið af berginu undir þeim. Birtan er notaleg, áklæði stóla og bekkja í mjúkum litum, borðplötur úr grænleitem marmara, pússaðir veggir grámálaðir. Þetta



Veitingahjónin í Narfeyrarstofu, Steinunn Helgadóttir og Sæþór Þorbergsson, eru nú búin að bæta við glæsilegri vinstúku í kjallaranum á Narfeyrarstofu sem á sér enga líka.

MYNDIR/AÐSENDAR



Á veggjum mætast gamlar hleðslur sem voru undir húsinu og svo blasir við þversnið af berginu undir þeim.

er glæsileg viðbót hjá hjónunum í Narfeyrarstofu og til fyrirmyndar í alla staði.

Endurbæturnar björguðu húsinu
Aðspurð segja Steinunn og Sæþór að verkið hafi verið viðamikið og heilmikil framkvæmd.

„Við mokuðum út yfir 200 tonnum af grjóti og jarðvegi. Elsta hleðslan sem blasir nú við þeim sem koma í kjallaranum er frá því um 1800, því húsið sem nú stendur var byggt árið 1906 ofan á sökkul af eldra húsi. Aðrar hleðslur eru frá því húsið var byggt.“

Í raun hafi þessar endurbætur bjargað húsinu til framtíðar.

„Þær renndu undir það styrkari stöðum, því í framkvæmdunum kom í ljós að gömlu stöðirnar voru orðnar veikar. Þá dúaði húsið orðið leiddinlega mikið á miðhæðinni. Útveggirnir voru hins vegar traustir og höggudust ekki á meðan unnið var í kjallaranum.“

Unnið af heimamönnum
Að baki er sjö mánaða vinna við

77 Við erum stolt af því að geta nýtt krafta heimamanna sem hafa sýnt okkur stuðning í öllu ferlinu, en auðvitað fórum við líka sjálf í vinnugallann á milli þess sem við vorum að elda mat og bera hann fram.

að kljúfa bergið, brjóta og moka, skjóta stöðum undir húsið, smíða, leggja dren og lagnir, steypa, pússa, mála og innrétta.

Verkið hófst 2. janúar og nú hafa Hólmarar eignast glæsilegan nýjan stað, vinstúku eða kokteilstofu, sem um leið er hluti af elsta veitingahúsinu í bænum.

Steinunn segir marga heimamenn hafa komið að verkinu.

„Verkið er að mestu unnið af iðnaðarmönnum í Stykkishólmi. Þá sá ÞB Borg um framkvæmdina og eru eigendur þess fyrirtækis pabbi og bróðir Sæþórs.“

Einnig kom að verkinu verkfræðingur og rafhönnuður, Karl Matthías Helgason, sem er bróðir Steinunnar.

„Við erum stolt af því að geta nýtt krafta heimamanna sem hafa sýnt okkur stuðning í öllu ferlinu en auðvitað fórum við líka sjálf í vinnugallann á milli þess sem við vorum að elda mat og bera hann fram. Það er svo gaman að taka þátt í verkinu af fullum krafti.“

Barinn og borðin koma að mestu frá Figaró og það er Hólmar bekkjarbróðir okkar sem á þann frábæra stað. Um smíði á bekkjum sáu GÁ húsgögn en ljós, borð og Gubi-stólar komu frá Lumex. Þá sá Berglind Berndsen innanhússarkitekt um hönnun á rýminu. Við gætum ekki verið henni þakklátari fyrir allt sem hún hefur gert fyrir okkur,“ segja hjónin að lokum, alsæl með útkomuna. ■



Á
elleftu
stundu

In the
eleventh
hour



Sýningaropnun laugardaginn
17. september klukkan 14:00
Öll velkomin



NÝ SENDING Í CURVY ÚLPUR OG KÓSÝ PEYSUR

Fallegar og vandaðar danskar vörur í stærðum 42-56

Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Amelía Peysa
6.990 kr



Nordic peysa
10.990 kr



Kaffe Curve úlpa
22.990 kr



Zizzi Primaloft úlpa
11.990 kr



Vatteraður jakki
16.990 kr



Vatteraðar buxur
13.990 kr

Curvy

Fellsmúla 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU



AKU skórnir
eru framleiddir
á Ítalíu úr 100%
evrópskum íhlutum
og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði
(grjótvörn) sem hentar
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur
aukna mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton,
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sitthvor
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Stingum af...



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



Skannaðu QR
kóðann og
fáðu nánari
upplýsingar

VERNDUM BÖRN

GEGN OFBELDI

KAUPUM ARMBANDIÐ



Barnaheill

www.barnaheill.is

Allt í ítalskan pastarétt



279
kr./pk.



E.S. Fusilli pasta
1 kg
ítalskt

169
kr./stk.



E.S. Pastasósa
520g

198
kr./stk.



E.S. Pestó
190 g
grænt eða rautt

Ódýrustu
kjúklinga-
bringurnar
í Bónus

1.479
kr./pk.



100%
kjöt



Frosnar kjúklingabringur
900 g
Danmörk

598
kr./stk.



Grana Padano ostur
200 g


259
kr./pk.



E.S. Hveiti
2 kg

BÓNUS

Verð gildir til og með 18. september eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Grýta í kvöld

698

kr./pk.



Ferskt blandað hakk
70/30 grís/naut
500 g

374

kr./pk.



Toro grýtur
ítölsk eða mexíkósk

1.398

kr./kg.



KS frosið lambalæri
2021 slátrun

1.398

kr./stk.



Ilmkerti
briggja þráða
340 g

498

kr./stk.



Ilmkerti
113 g

698

kr./pk.



Coca-Cola án sykurs
6x 500 ml kippa

795

kr./pk.



Pepsi og Pepsi Max
4x 2 ltr kippa

795

kr./pk.



Egils Kristall
4x 2 ltr kippa
Mexíkó - Límónubragð

398

kr./pk.

Roncadin Pizzur
frosnar
350-380g
ítalskar

Þú sækir



398

kr./pk.

SS frosið folaldahakk
800 g



398

kr./pk.

180 g

Piccolo tómatar



Heilsusnakk vikunnar



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi. (e)
- 20.00 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli. (e)
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e) Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2014-2015 Grindavík - Hafnarfjörður.
- 14.25 Manstu gamla daga? Árin milli stríða.
- 15.10 91 á stöðinni
- 15.40 Líkamstjáning - Atvinnuviðtal
- 16.20 Nærumst og njótum
- 16.50 Stíklur Nær þér en þú heldur - fyrri hluti.
- 17.25 Bækur og staðir
- 17.35 Tónstofan Selma Guðmundsdóttir.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Ósagða sagan
- 18.30 Matargat Egg
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós Lifandi og fjölbreyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál. Helstu fréttir dagsins eru krufðar og ljósi varpað á litríkt mannlíf um land allt.
- 20.00 Kappsmál Keppendur þáttarins eru Aldis Amah Hamilton, Birna Rún Eiríksdóttir, Haraldur Ari Karlsson og Karl Órvarsson.
- 21.05 Víkan með Gísla Marteini
- 22.00 Shakespeare og Hathaway Önnur þáttaröð þessara bresku sakamálapáttu um hið sérkennilega tvíeyki einkaspæjara, Luellu Shakespeare og Frank Hathaway, sem fæst við margvísleg sakamál í heimabæ þeirra og fæðingarbæ hins eina og sanna Shakespeare.
- 22.45 Hungurleikarnir. Hermiskaði, fyrri hluti The Hunger Games. Mockingjay - Part I
- 00.45 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.45 The Late Late Show
- 13.30 Love Island (US)
- 14.30 Best Home Cook
- 15.30 The Block
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 The Bachelorette
- 21.40 Replicas William Foster er visindamaður sem ásamt félagu sínum Ed Whittle hefur þróað aðferð til að færa minni látinna einstaklinga yfir í vélmenni.
- 22.25 The Happytime Murders
- 23.30 Airplane! Ted Striker er fyrrum herflugmaður, en hefur verið flughræddur alveg síðan þetta slys varð í stríðinu. Hann er samt staðráðinn í að ná í stúlku sinna drauma, Elaine, og eltir hana um borð í flugvél þar sem hún er að vinna sem flugfreyja.
- 00.25 Love Island (US)
- 01.00 Kill Bill. Vol. 2 Beatrix Kiddo, öðru nafni Brúðurin, er leigumorðingi, sem var svikin illilega af fyrrum yfirmanni sínum, Bill.

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.25 Grand Designs. Sweden
- 10.10 Girls5eva
- 10.35 Hindurvítni
- 11.05 10 Years Younger in 10 Days
- 11.50 30 Rock
- 12.10 30 Rock
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Einkalífið
- 13.35 Ég og 70 mínútur
- 14.05 All Rise
- 14.45 The Bold Type
- 15.30 The Dog house
- 16.15 30 Rock
- 16.40 Real Time With Bill Maher
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 America's Got Talent. Extreme
- 20.25 Waiting for the Barbarians
- 22.15 In Bruges
- 00.00 Silk Road
- 01.55 The Mentalist
- 02.35 Girls5eva
- 03.05 30 Rock
- 03.25 30 Rock
- 03.45 All Rise

Nóg að gerast í sportinu

Það verður fjölbreyttur þáttur í Íþróttavíkunni með Benna Bó á Hringbraut í kvöld. Ragnar Bragi Sveinsson, leikmaður Fylkis, og Ómar Ingi Guðmundsson, þjálfari HK, setjast í stúdíóið. Landsliðshópur karla í fótbolta skoðaður og ræddur. Í lokin verður kikt í heimsókn hjá Reykjavík MMA en mikill fjöldi íslenskra stráka er að fara að berjast á Englandi um helgina.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
 1 bak við
 5 snikill
 6 nóta
 8 síun
 10 íþróttafélag
 11 ellegar
 12 líkja
 13 framkvæmi
 15 bóma
 17 matjurt

- LÓÐRÉTT**
 1 úr vegi
 2 gapandi
 3 áhald
 4 suða
 7 skjótast
 9 díll
 12 þefja
 14 tangi
 16 skyldir

LÁRÉTT: 1 aftan, 5 flö, 6 as, 8 sáldun, 10 í, 11 eða, 12 apar, 13 inni, 15 seglæs, 17 salar. LÓÐRÉTT: 1 afsólís, 2 flár, 3 töl, 4 nauða, 7 snarast, 9 depill, 12 anga, 14 nes, 16 aa.

Sudoku

7		6		2				
					1		9	5
	5			3			1	
6				3	9			8
3	4		2					6
		2	4	6				1
9	3	5	7					
						4	3	
1	2					7		

			3					1
3	9			4	7			6
7		1		8	6	3		
	3						8	
	6	7						3
								2
	8	3		1				2
		4					5	6
7		9	3					4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Ekki er allt sem sýnist

Réttarsálfræðingurinn Gísli Guðjónsson er frumkvöðull á sviði réttarsálfræði. Auk Guðmundar- og Geirfinnsmála má nefna mál hinnar dauðadæmdu Melissu Lucio, en ríkisstjóri Texas sló aftöku hennar á frest ótímabundið í kjölfar greiningar Gísla. Mörg þeirra mála sem Gísli hefur komið að hafa hlotið heimsathygli eins og mál Henry Lee Lucas, efni heimildarmyndarinnar The Confession Killer og hryðjuverkamálin frægu sem Óskarsverðlaunamyndin In the Name of the Father byggir á.



Íslenska töfravegabréfið

Sigríður Víðis Jónsdóttir vissi ung að hana langaði að sjá heiminn og hélt af stað á unglingsárum. Fyrir stuttu kom út hennar önnur bók: Vegabréf: Íslenskt, en með titlinum vísar hún í þá forréttindastöðu sem blái töfrapassinn veitir henni, á meðan fólk sem hún kynntist á ferðum sínum var ríkisfangslaut.



Mættust á miðri leið

Elmar Gilbertsson og Salka Sól Eyfeld fara með aðalhlutverkin í söngleiknum Sem á himni sem verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu um helgina. Þau Elmar og Salka koma úr ólíkum áttum í tónlistinni, hann óperusöngvari og hún poppsöngkona, en smellpössuðu saman sem söngvarar.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Ponomarev átti leik gegn Demidov í Sverdlóvsk árið 1976.

1. Dxd7+! Hxd7 2. Hb8+ Bd8 3. Bf6 Kf8 4. Bxd7 1-0.

Bragi Þorfinnsson er efstur með fullt hús eftir fjórar umferðir á Haustmóti TR. Alexander Oliver Mai er annar með 3½ vinning og Hjörvar Steinn Grétarsson þriðji með 3 vinninga. Ingvar Wu Skarphéðinsson, Jóhann Arnar Finnsson og Benedikt Þórisson eru efstir og jafnir í b-flokki.

www.skak.is: Haustmót TR.

Nýjar víddir í upplifun áhorfandans



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Sigrún Edda Björnsdóttir fer með aðalhlutverkið í Á eigin vegum, hennar fyrsta einleik á fjörutíu ára ferli. Stefán Jónsson, leikstjóri sýningarinnar, segir samstarfið hafa verið yndislegt.

Fyrsta frumsýning Borgarleikshússins á nýju leikári er á laugardag þegar leikhúsið frumsýnir einleikinn Á eigin vegum, byggðan á samnefndri skáldsögu Kristínar Steinsdóttur. Sigrún Edda Björnsdóttir fer með hlutverk ekkjunnar Sigbrúðar sem bindur bagga sína ekki sömu hnútum og aðrir en um er að ræða fyrsta einleik hennar á fjörutíu ára leikferli.

„Kristín Steinsdóttir er mjög vinsæll höfundur og hefur vakið verðskuldaða hrifningu lesenda. Kannski sérstaklega kvenna sem eru nú sá hópur sem er hvað duglegastur að sækja leikhús, þannig að þetta fer vel saman. Ég held að lesendur sem hafa hrifist af þessari bók fái talsvert fyrir peninginn við að sjá sýninguna því hún segir vonandi ekki bara sögu konunnar, eins og hún birtist í bókinni, heldur sprengir hún inn í fleiri víddir í skynjun og upplifun áhorfandans,“ segir Stefán Jónsson, leikstjóri sýningarinnar.

Marianna Clara Lúthersdóttir og Salka Guðmundsdóttir unnu leikgerðina upp úr skáldsögu Kristínar Steinsdóttur. Að sögn Stefáns er það vandasamt verk að aðlaga bækur leiksviðinu og telur hann Mariönnu og Sólku hafa tekist það vel að draga fram þá þætti sem hann hreifist af í skáldsögu Kristínar Steinsdóttur.

„Það er mikið tekið að aðlaga bækur sviði hjá okkur bókmenntaþjóðinni. Það er vandasamt verk og maður þarf í grunninn að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að bók er eitt listaverk, leikgerðin er annað listaverk og leiksýningin þriðja listaverkið.“

Ósýnilega konan

Eins og áður segir leikur Sigrún Edda Sigbrúði, eldri konu sem stundar blaðburð, garðyrkju og jarðarfarir af miklum mót. Spurður um hvers konar manneskju Sigbrúður hafi að geyma segir Stefán:

„Ég hef lýst henni svona sem



Ég held að lesendur sem hafa hrifist af þessari bók fái talsvert fyrir peninginn við að sjá sýninguna.

ósýnilegu konunni. Hún er manneskja sem fæðist inn í þennan heim við erfðar aðstæður. Móðir hennar deyr við fæðingu þannig að hún kynnist henni aldrei en það verður henni til happs að hún á föstru í sínu litla koti norður í landi. Þessi föstra veitir henni þá ást og atlæti í frumbersku sem skiptir hvert barn höfuðmáli ef það á annað borð á að komast af.“

Sigbrúður er manneskja sem gefst ekki upp þótt á móti blási en gerir sér litlar vonir enda hefur lífið kennt henni að slíkt hafi lítið upp á sig. En hún býr að ríku innra lífi, imyndunarafl og húmor.

„Andstreymið er mikið frá fyrstu tíð. Hún er fötluð, er með það sem hún kallar selshreifa, samvaxna fingur á annarri hendi. Fyrir hvern sem er, ég tala nú ekki um í sveit fyrir mörgum áratugum, þá er þetta eitthvað sem var tilvalið til eineltis og til þess að gera viðkomandi minni máttar. Hún hrökklast frá námi sem jók ekki framgang hennar í lífinu,“ segir Stefán.

Sigbrúður verður ólétt sem táníngur eftir ungan frænda bóndans á bænum, hún missir barnið, faðirinn horfinn á braut. Stuttu síðar flyst hún í nálægt sjávarpláss og tekur saman við mann, þótt ástin sé ekki beinlínis brennandi. Fullorðin flytja þau á mölina í leit að betra lífi, giftast og Sigbrúði dreymir um annað barn en ekki verður af því. Eiginmaðurinn missir þróttinn með tímanum og deyr.

„Hún fer að bera út blöð og lifa meira lífinu, verður svona ein af þessum einstaklingum sem ég persónulega hef haft mikinn áhuga á að fylgjast með í borgarlandslaginu. Þetta fólk sem er að fá sér kaffi í bankanum, situr og les blöðin á Borgarbókasafninu, fer í jarðarfarir hjá ókunnugu fólki sér til stundargamans. Þetta er alþýðukona sem berst á móti straumnum alla tíð. Hún á sér samt draum og það er nú kannski það sem er meginþráður verksins, baráttan felst í því að hún

þráir að finna rætur sínar,“ segir Stefán.

Hokin af reynslu

Stefán segir það hafa verið mjög gefandi að vinna með Sigrúnu Eddu Björnsdóttur.

„Hún er náttúrlega hokin af reynslu, fagnar 40 ára leikafmæli um þessar mundir og er að leika í sínum fyrsta einleik. Hún einhenti sér í verkefnið af fullum þunga og tók ríkan þátt í þróun leikgerðarinnar. Svo það hefur bara verið yndislegt að vinna með henni. Hún er mjög framleiðin sem leikkona, býr yfir góðu innsæi og tæknilegri færni.“

Að sýningunni koma einnig Egill Sæbjörnsson sem vinnur leikmynd og myndbönd, Sóley Stefánsdóttir sem vinnur tónlist og hljóðmynd, Stefanía Adolfsdóttir sem gerði búninga og Pálmi Jónsson sem sér um lýsingu.

„Þó að hún sé ein á sviðinu þá er hún með öflugan mótleikara sem eru, ekki bara ég, heldur leikmyndin og einstök vörpunin sem Egill Sæbjörnsson sér um og stórkostleg tónlist sem Sóley Stefánsdóttir hefur samið og Pálmi Jónsson sem er með alltumlykjandi ljósin. Maður skynjar það enn sterkar þegar þú ert bara með einn leikara hvað öll þessi element spila stóran þátt og eru raunverulegir mótleikarar leikarans,“ segir Stefán. ■

Stefán Jónsson segir það vandasamt verk að aðlaga bækur að leiksviðinu. Á eigin vegum er byggð á samnefndri skáldsögu Kristínar Steinsdóttur,

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Tónlistin lifir þótt Skuggabaldri verði lokað

tsh@frettabladid.is

Djassbúllan Skuggabaldur mun syngja sitt síðasta á laugardag en til stendur að loka staðnum. Snorri Helgason, tónleikahaldari Skuggabaldurs, segir dagskrá laugardagsins enn vera í mótun.

„Þetta á að vera almenn djasssessjón, mjög margir af þeim sem hafa verið að spila hjá okkur ætla að koma og kveðja staðinn. Magnús Trygvason Eliassen trommari er að stilla þessu öllu saman upp en það er ekki alveg niðurneglt hvernig þetta verður,“ segir Snorri og bætir því við að gleðin muni standa yfir fram eftir kvöldi.

Spurður um hvort hann eigi von á mörgum kollegum sínum úr tónlistarsenunni á laugardag segist Snorri gera ráð fyrir því.

„Maður finnur bara að djasssenunni þykir rosalega vænt um þennan stað. Enda var þetta, get ég ímyndað mér, dálítil líflína í gegn-



Forsendur þess að reka djassklúbb, sérstaklega eftir Covid, þær eru bara ekki til staðar.

um Covid. Þá er ég ekki að tala um fjárhagslega heldur bara andlega, af því þetta er náttúrlega fólk sem er vant að spila 6-7 sinnum í viku og svo allt í einu datt það bara út. Allar jarðarfarir, öll brúðkaup og slíkt datt út á þessum tíma en Skuggabaldur var opin.“

Hvað verður um djasssenuna nú þegar helsta djassbúllan er að hverfa á braut?

„Ef ég væri talsmaður djasssenunnar þá gæti ég svarað því. Ég veit ekki hvað gerist en tónlistin er ekki að fara neitt. Þetta var náttúrlega

rosalega góður heimavöllur, það var rosalega gott að hafa hann og ég veit til þess að mörg verkefni, margar nýjar hljómsveitir og hugmyndir urðu til á þessu stutta tímabili. Það er eitthvað sem lifir áfram.“

Snorri bætir því við að hann voni að einhver annar taki við boltanum og gefi djasssenunni nýjan heimavöll.

Skuggabaldur var opnaður við Austurvöll í fyrrasumar en veitingamennirnir Jón Mýrdal og Guðfinnur Karlsson, gjarnan kenndur við Prikíð, eiga staðinn saman. Þeir hafa greint frá því að til standi að selja reksturinn.

Gekk reksturinn ekki upp?

„Forsendur þess að reka djassklúbb, sérstaklega eftir Covid, þær eru bara ekki til staðar. Þetta var mjög skemmtileg tilraun og við stóðum með tónlistarmönnum í gegnum þennan heimsfaraldur en þetta bara gekk ekki upp,“ segir Snorri. ■



Snorri Helgason segir Skuggabaldur hafa verið góðan heimavöll fyrir djasssenuna en til stendur að loka staðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Bíómynd þarf bara stúlku og byssu

Kvikmyndaleikstjórinn Jean-Luc Godard lést í byrjun vikunnar. Áhrif hans á kvikmyndagerð síðustu 60 ára eða svo verða sjálfsagt aldrei ofmetin. Róbert Douglas segist hrifnastur af þeim myndum þar sem réttlæta megi sjálfhverfu Godards sem hafi til dæmis haft áberandi áhrif á hans fyrstu mynd, Íslenska drauminn.

toti@frettabladid.is



Uppgefinn eftir baráttu við alvarleg veikindi ákvað fransk svissneski leikstjórinn Jean-Luc Godard að deyja og fékk aðstoð við að kveðja þennan heim í Sviss á þriðjudaginn.

Godard var 91 árs og þótt hann sé horfinn á braut munu kvikmyndir hans lifa áfram um ókomna tíð enda markaði hann með mörgum þeirra djúp spor í kvikmyndasöguna og ruddi nýbylgjunni í kvikmyndagerð á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar braut svo um munaði.

Kvikmyndagerð Godards hefur meðal annars verið lýst þannig að hann hafi flýsjað kvikmyndamiðilinn að kjarnanum og fleyg eru þau orð hans að til þess að segja sögu á filmu þurfi aðeins „stúlku og byssu“.

Sjálhverfi byltingarmaðurinn

„Nafnbótin „mesti kvikmynda-gerðarmaður heims“ hefur löngum lodað við Godard og áhrifavald hans er og verður óumdeilt. Godard var „larger than life“ listamaður eins og Picasso og Andy Warhol, sem áttu og stjórnuðu tíðarandanum í heimslísum yfir ákveðið tímabil,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Róbert Douglas.

„Hann gerði eitthvað í kringum 100 myndir en var töluvert, eða bara hrikalega, sjálfhverfur í flestum þeirra, þannig að ég gafst upp eftir

Inngangur að fagurfræði

1. **Pierrot le fou**, 1965
2. **Le mépris** (Contempt), 1963
3. **Sauve qui peut (la vie)** (Every Man for Himself), 1980
4. **Masculin féminin**, 1966
5. **À bout de souffle** (Breathless), 1960
6. **Adieu au langage** (Goodbye to Language), 2014
7. **Alphaville, une étrange aventure de Lemmy Caution** (Alphaville), 1965
8. **2 ou 3 choses que je sais d'elle** (2 or 3 Things I Know About Her), 1967
9. **Film socialisme**, 2010
10. **Vivre sa vie: Film en douze tableaux**, 1962
11. **Week End**, 1967
12. **Tout va bien**, 1972

eitthvað í kringum fimmtán myndir og því ekki dómbær um hversu sjálfhverfur hann varð á endanum,“ segir Róbert sem fer hvergi í graf-götur með addáun sína á þeim myndum sem náðu taki á honum.

„En þær myndir þar sem sjálfhverfan var réttlæt看leg umblytu kvikmyndaforminu og eru alltaf



þær myndir þar sem sjálfhverfan var réttlæt看leg umblytu kvikmyndaforminu og eru alltaf snilld.



Róbert Douglas, kvikmynda-leikstjóri

snilld enda var hann þá meðvit- adur um að þær þyrftu að skemmta áhorfendum,“ segir Róbert og nefnir þær myndir Godards sem eru í mestu uppáhaldi hjá honum og höfðu jafnframt gríðarleg áhrif á hann sem kvikmyndagerðarmann.

„Þetta eru Breathless, Pierrot le fou, Masculin/Feminin og Weekend þar sem hann lýsir einmitt yfir yfir dauða kvikmyndaforminu. Breathless og Masculin/Feminin höfðu

til dæmis sérstaklega sterk áhrif á kvikmyndaforminn í fyrstu myndinni minni, Íslenski draumurinn.“

Godard fyrir byrjendur

Dauði Godards gaf IndieWire tilefni til þess að taka saman lista yfir tólf myndir Godards, ekki bara þær bestu heldur myndir sem virka sem einhvers konar inngangur að allri hans fagurfræði. Þá er sá varnagli sleginn að erftit er að finna réttu orðin til þess að lýsa myndum hans og nánast óhjákvæmilegt sé að horfa á þær að minnsta kosti tvisvar til þess að reyna að fanga merkingu þeirra og njóta þeirra í botn.

Að tólf mynda byrjendaáfanganum loknum er síðan vísað áfram í myndir á borð við *Le petit soldat* frá 1963, *Nouvelle vague* frá 1990, *Passion* frá 1982, *Éloge de l'amour* (In Praise of Love) frá 2001 og sjónvarpsþættina *Histoire(s) du cinéma* frá 1989-1999. ■



Jean Paul-Belmondo og Brigitte Bardot komu sterk inn hjá Godard í annars vegar *À bout de souffle* sem varð óhjákvæmilega klassísk á stundinni og *Le mépris* sem enn er nístandi sterkt skilnaðardrama.



Vissara að treysta fiskunum varlega í haust

toti@frettabladid.is

Hljómsveitin Ólafur Kram hefur verið á fullu síðustu misseri en eftir að hún kom, sá og sigraði á Músiktilraunum 2021 sneri hún sér lóðbeint að útgáfu stuttskífunnar nefrensli/kossaf lens sem kom út það sama ár.

Platan var hins vegar tekin upp ári fyrir Músiktilraunirnar þannig að næsta mál var botnlaus vinna við fyrstu breiðskífu sveitarinnar, Ekki treysta fiskunum, sem kemur út í haust.

„Við tókum upp meirihlutann af Ekki treysta fiskunum í vor í Sundlauginni Studíó með Árna Hjörvari og það var ótrúlega skemmtilegt. Það var mikill leikur í því ferli, sem

við vonum að skíni í gegn í lögnum,“ segir Birgitta Björg, trompetleikari og söngkona.

Á Ekki treysta fiskunum eru ellifu lög sem Birgitta segir að séu um allt og ekkert en forsmekkurinn að því sem koma skal í haust er þegar byrjaður að hljóma. Önnur smáskífan af plötunni, lagið Aumingja þuríður, kom út í gær og sú fyrsta, Silkiþræðir, kom út í byrjun ágúst.

„Platan er stúf full af súrrealískum textum sem og hversdagslegum, innblásnum af lífinu, bókmenntum og almennu glensi,“ segir Birgitta áður en hún er spurð hvers vegna fiskunum er ekki treystandi.

„Titillinn, Ekki treysta fiskunum, kemur úr lagi númer fimm

á plötunni, Kóngur á þurru landi. Textinn í því lagi var saminn út frá setningunni: Ekki treysta fiskunum,“ segir Birgitta og upplýsir að þessi væntanlega bráðum fleygu orð hafi fallið þegar hljómsveitin var að „hangsa“ sem þau gera oft og hún hafi verið að pressa á trommarann Sævar Andra Sigurðarson að koma með einhverja laglínur.

„Og hann kallaði til baka, kófsveittur og stressaður: Ekki treysta fiskunum! Við erum ótrúlega spennt að gefa út þessa plötu. Við erum mjög stolt af henni og hlökkum til að leyfa fólki að heyra meira af því sem við höfum verið að bardúsa síðustu mánuði,“ segir Birgitta. ■



Krakkarnir eru á fullu en gefa sér tíma til að vara við fiskunum. MYND/ÁÐSEN

George
CLOONEY *Julia*
ROBERTS



TICKET
to
PARADISE

Komin í bió

HÁSKÓLA BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN EGILSHÖLL SMÁRA BÍÓ AKUREYRI SAMBÍÓIN

WORKING TITLE

UNIVERSAL
© 2022 UNIVERSAL STUDIOS



Ísabella Jónatansdóttir, aðalleikkona Abbababb! fær hér ráð frá Nönnu Kristínu sem var að leikstýra sinni fyrstu bíómynd í fullri lengd. MYNDIR/AÐSENDAR

Spennantar að sýna vinkonunum sjálfar sig í bíó

Leikkonurnar ungu Ísabella Jónatansdóttir og Vala Snædal Sigurðardóttir leika í dans- og söngvamyndinni Abbababb! sem er frumsýnd í dag. Þær eru sammála um að það hafi verið alveg ógeðslega gaman að koma á sett og geta ekki beðið eftir að sýna vinum sínum myndina.

benediktboas@frettabladid.is

Kvikmyndin Abbababb! verður frumsýnd í dag en Nanna Kristín Magnúsdóttir leikstýrir myndinni sem byggir á samnefndri plötu Dr. Gunna. Þær Ísabella Jónatansdóttir, sem er 12 ára, og Vala Snædal Sigurðardóttir, sem er 15 ára, fara með tvö veigamestu hlutverkin í myndinni. Ísabella leikur Hönnu og Vala leikur Systu sjóræningja.

Abbababb! er fyrsta bíómynd Ísabellu sem hefur áður leikið í auglýsingu og stefnir á að verða leikkona. Hún segir að eftir að hún fór í prufurnar hafi tekið við löng bið til að fá að vita hvort hún hefði fengið hlutverk í myndinni.

„Ég beidd í nokkrar vikur eftir svari. Ég var alveg smá leið á tímabili því mig langaði mikið að prófa að leika í bíómynd. Svo klippti ég hárið á mér og rétt á eftir hringdi Nanna í mömmu og sagði að ég hefði verið valin til að leika aðalhlutverkið.“



Það var samt mjög spennandi og ógeðslega skemmtilegt að koma á tókustaði og vinna með öllu þessu fólki.

Ísabella

Flutti til ömmu

Þær mæðgur voru búnar að ákveða að flytja til Argentínu í nokkra mánuði en hlutverkið setti strik í þann reikning og Ísabella varð eftir hjá ömmu sinni á Íslandi. „Það var gott að búa hjá ömmu meðan mamma var í Argentínu,“ segir hún og viðurkennir að hún hafi verið smá feimin fyrst en Nanna hafi náð því besta út úr hópnum.

„Fyrst þegar ég byrjaði var ég smá feimin að taka upp en það var samt mjög spennandi og ógeðslega skemmtilegt að koma á tókustaði og vinna með öllu þessu fólki. Nanna er alveg æðislegur leikstjóri og það var gaman að gera allar senurnar því við krakkarnir hlógum svo mikið saman.“

Ísabella stefnir að því leynt og



Vala Sigurðardóttir, Messíana Baldvinsdóttir og Elin Birna Yngvadóttir.



Það er stundum bið á setti og þá er gott að láta tímann líða með því að rífa í spil. Hér er Ísabella með fjögur spil á hendi.

Um Abbababb!

Þegar Hanna og vinir hennar í hljómsveitinni Rauðu Hauskúpunni uppgötva að óprúttir náungar ætla að sprengja upp skólann á loka-ballinu, þurfa þau að beita öllum sínum ráðum til að ná sökudólgnum.

Dr. Gunni gerði barnaplötuna Abbababb! fyrir 25 árum við miklar vinsældir. Áratug síðar sló samnefndur söngleikur í gegn og og nú lifnar sagan aftur við í bíómynd sem Nanna Kristín byggir lauslega á söngleiknum.

ljóst að verða leikkona í framtíðinni og ekki minnkaði áhuginn við að leika í kvikmynd. Hún er líka spennt að fara með vinkonuhópnum á myndina. „Við ætlum að fara næstum allar stelpurnar í bekknum mínum á frumsýninguna sem verður mjög skemmtilegt.“

Skólafélagarnir spenntir

Vala tekur undir þetta en hún er í 10. bekk í Hagaskóla. „Þau eru mjög spennt að sjá. Þau eru búin að spyrja mikið um þetta undanfarna daga og vikur,“ segir Vala sem ætlar í góðra vina hópi í bíó.

„Við erum að fara saman vinahópurinn. Það verður smá stressandi að sjá sig á hvíta tjaldinu því ég leik karakter sem er allt öðruvísi

en ég er,“ segir hún um pönkarann Systu sjóræningja. „Við erum algerar andstæður í öllu en ég er mjög spennt að sjá og heyra hvað vinum mínum finnst um þetta,“ segir hún.

Vala er að æfa dans hjá Birnu Björns og frétti þar af prufunum. Henni fannst lítið mál að dansa en aðeins erfiðara að syngja og leika. „Þetta var allt mjög skemmtilegt og mjög lærdómsríkt. Það var gaman að vinna með krökkum á mínum aldri sem höfðu, eins og ég, ekkert gert þetta áður.“

Fólkið sem hafði gert þetta áður og var öruggt í þessu umhverfi gerði mig öruggari. Þetta var eitthvað nýtt fyrir mig, bæði erfitt og stressandi en samt svo skemmtilegt,“ segir Vala. ■

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Miðvikudaginn 12. október kemur út sérblaðið

Fyrirtækjagjafir

Veglegt sérblað um jólagjafir til starfsmanna og viðskiptavina fyrirtækja.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Frumskýning í kvöld!

SÖNGLEIKURINN

SEM Á HIMNI



Kortasala í fullum gangi!

**Þjóð
leik
húsið**

leikhusid.is



Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
Guðmundsdóttur



Varúð – Börn

Þegar ég var átta ára stal ég bíl. Mér til varnar bjó ekki einbeittur brotavilji að baki glæpnum. Að mínu mati var, á því augnabliki, góð hugmynd að þiggja bíl sem nágranni okkar systkina ákvað að gefa okkur. Nágranninn var mikill grínisti, jafnvel hrekkjalómur. Á þessum tíma var hvorki búð að finna upp mikilvægi gagnrýnnar hugsunar fyrir börn – né vara þau við gylliboðum ofurhressra nágranna.

Hvað um það. Ég þáði gjöfina og sótti systkini mín. Enda þurfti ég hjálp við að sækja kerruna: appelsínugula Volkswagen-bjölllu. Gjöfin stóð stolt fyrir utan hús annars nágranna, eldri konu ofar í götunni. Engar viðvörðunarbjöllur sem hringdu þar.

Bróðir minn var sjálfskipaður bílstjóri, enda tíu ára og hafði fyrr um sumarið keyrt traktor í sveitinni. Hinn órláti nágranni gleymdi að láta okkur fá lykilinn en við vorum lausnamiðuð. Traktorskeyrandi stóri bróðir kunní á handbremsu og beinskiptan og hafði að auki séð hvernig koma ætti farartæki af stað með því að láta það renna niður brekku. Við systur, klæddar í trikoti, ýttum.

Aumingja konan fann bílinn í garðinum heima og réttlætíð sigraði að lokum. Við vorum skömmuð, en það var nú hvorki í fyrsta né síðasta skipti. Ótínt sönnunargagn er að finna á skilti fyrir framán Hólagötu 19 í Vestmannaeyjum og á því stendur: Varúð – Börn. Og upphrópunarmerki á eftir. Okkur til ævarandi háðungar.

Lærdómurinn? Það getur verið hentugt að koma bíl í gang með því að láta hann renna niður brekku. Það er hægt að ýta bíl inn í garð ef maður er í trikoti.

Góðar stundir. ■



FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL.18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Hästens Blue Check
Since 1978

ICONIC? CHECK.

Hið einstaka bláköflotta Hästens-áklæði er táknrænt fyrir heimspeki okkar: að búa til svo fullkomið rúm að það haldi þér meira vakandi. Tilfinningin sem þú færð þegar gormar, hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærri 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að betri degi.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

**Betra
BAK**